



Til góðra verka!



FJARÐABYGGÐ

austur glugginn

Fréttablað Austurlands

fréttæmt
vikublað

14. tbl. - 11. árg. - 2012 - Föstudagur 13. apríl Áskriftarverð kr. 1.400 á mánuði - Verð í lausasölu kr. 450 ISSN1670-3561

Mjólfjörður
Neskaupstaður
Eskifjörður
Reyðarfjörður
Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

**ÞÚ ERT
Á GÓÐUM
STAÐ**

FJARÐABYGGÐ fjarðabyggd.is

SVN

Síldarvinnslan hf

www.svn.is

**Ný og betri afgreiðsla
á Reyðarfirði**

Landflutningar á Reyðarfirði hafa flutt sig um set í stærra og betra húsnæði. Er afgreiðslan opin virka daga frá 9:00-16:00.

Nýja heimilisfangið er:
Landflutningar-Samskip
Nesbraut 10 · 730 Reyðarfjörður
Sími 458 8840
landflutningar@landflutningar.is

**Landflutningar
SAMSKIP**

Takmarkað eftirlit með reikningsfærslum lækna

Frá mótmælum vegna uppsagnar Hannesar Sigmarrsonar, yfirlæknis HSA, árið 2009.

Skrá sína afgreiðsluseðla sjálfir vegna útkalla. Fyrirverandi yfirlæknir HSA falsaði endurlífgun á afgreiðsluseðil, endurlífgunin átti sér aldrei stað. bls. 8

Meðal efnis:

Einn sýslumaður á Austurlandi? **bls. 2** • Heimildarmyndin Veturhús frumsýnd: Hétjudáð og harmleikur. Viðtal við Þorstein J. um gerð myndarinnar **bls. 10 - 11**

- Kvótafrumvarpið bitnar harðast á Fjarðabyggð. Viðtal við Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóra SVN **bls. 20** • Þrír klassískir Austfirðingar **bls. 24**

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

1495
KR. KG

ALI HAMBORGAR-HRYGGUR M. BEINI

1295
KR. KG

BÓNUSHAMBORGAR-HRYGGUR M. BEINI

98
KR. 5 STK

398
KR. 143 GR

5 FLATKÖTUR 98 KR. HANGIÁLEGG 143 GR. 398

3598
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBAFILLET

1359
KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI

698
KR. 6 LTR.

759
KR. 8 LTR.

Unnið að framtíðarsýn Seyðisfjarðar

Nýverið var haldinn fundur í félagsheimilinu Herðubreið Seyðisfirði um stefnumótun fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, fundurinn bar yfirskriftina „Framtíðarsýn – stefnumótun“.

„Markmiðið í verkefni þessu er að vinna heildarstefnu fyrir kaupstaðinn sem taki til sem flestra verkefna sem eru á höndum sveitarfélagsins s.s. ferða-, menningar-, mennta-, atvinnu-, skipulags-, umhverfis- og velferðarmála. Á sama tíma er von um að verkefnið muni efla samstöðu bæjarbúa með auknu íbúalýðræði og kveikja nýjar hugmyndir til að móta framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið“ segir í tilkynningu sveitarfélagsins. Á fundinum var kynning á verkefninu og fyrirkomulagi sem og kynning á fyrirlidnum hópanna sem munu nú starfa að þessu verkefni. Umræða fór fram meðal fundargesta í hópum þar sem rætt var

um það sem einkennir Seyðisfjörð sem og væntingar fundarmanna til stefnumótunarstarfsins. Hóparnir sem munu starfa eru: Atvinnumál, ferðamál, menntamál, menningarmál, samgöngumál, umhverfis- og skipulagsmál, og velferðarmál. Þátttaka á fundinum var vonum framar og mikill áhugi fundarmanna á að byggja framtíðarsýn fyrir Seyðisfjörð.

Enn er hægt að bæta í alla hópana og eru áhugasamir hvattir til að hafa samband við fyrirlíða þess hóps sem þeir hafa áhuga á að starfa með.

Atvinnumál: Rannveig Þórhallsdóttir sagnabrunnur@simnet.is

Ferðamál: Árný Bergsdóttir arny@sfk.is

Menntamál: Hildur Þórisdóttir hth5@hi.is

Menningarmál: Þórunn



Eymundardóttir thorunne@gmail.com

Samgöngumál: Jón Halldór Guðmundsson jonh@sylumenn.is

Umhverfis- og skipulagsmál:

Margrét Guðjónsdóttir

maggygauja@simnet.is

Velferðarmál: Klas Poulsen/

Guðrún Gísladóttir klaspoulsen@

hotmail.com, gudrun710@gmail.com

Frekari upplýsingar veitir stýri- hópur verkefnisins:

Arnbjörg Sveinsdóttir

abbasveins@simnet.is

Þorsteinn Arason thara@skolar.sfk.is

Sigurveig Gísladóttir sivei@hsa.is

Einn sýslumaður á Austurlandi?

Sýslumannsumdæmin á Austurlandi verða sameinuð í eitt gangi hugmyndir innanríkisráðherra, sem birtast í frumvarpi til laga um framkvæmdavald og stjórn-sýslu ríkisins í héraði, eftir. Nýju landsbyggðarumdæmin eiga að verða öflugri þjónustustofnanir en þau sem fyrir eru sem auki möguleikann á flutningi verkefna til þeirra.

Á Austurlandi í dag eru tvö sýslumannsumdæmi, á Seyðisfirði og Eskifirði. Að auki situr sýslumaður á Höfn í Hornafirði. Umdæmamörkin eru ekki tilgreind í frumvarpinu en þau á að ákveða í sérstakri reglugerð. Gert er ráð fyrir að í henni verði einnig kveðið á um hvar aðal-skrifstofa sýslumanns verði og aðrar þjónustustöðvar verða, að höfðu samráði við sýslumann.

Ráðherra hefur einnig lagt fram frumvarp um breytingu á skipan lögreglumála utan höfuðborgarsvæðisins og Reykjanes. Í því frumvarpi er lagt til að löggæsla verði skilin frá starfsemi sýslumanna og stofnuð sex ný sjálfstæð lögregluembætti, sem verða því átta alls en þau eru fimmtán í dag.

Lögreglustjórar eru í dag á Egilsstöðum, undir Seyðisfjarðarumdæminu og á Eskifirði. Skammt

er síðan stjórn lögreglunnar á Höfn var færð til Eskifjarðar. Í væntanlegum lögreglulögum er gert ráð fyrir einu Austurlandsumdæmi og verði umdæmamörk og staðsetning lykilstarfsmanna ákveðin líkt og hjá sýslumönnum.

Svæðaskipting eftir sóknaráætlun

Með frumvarpinu á að fækka sýslumannsembættunum úr 24 í átta. Þau skiptast eftir gömlu kjördæmunum eins og þau voru til ársins 2003. Óvíst er samt hvort Höfn fylgir Austur- eða Suðurlandsumdæmi.

„Með þessari svæðaskiptingu er horft til þeirra svæða sem stefnumótunarskjalið Ísland 20/20 skilgreinir og sóknaráætlanir landshluta byggjast á. Með sameiningu sýslumannsembættanna verða til öflugri þjónustustofnanir sem standa betur að vígi til þess að sinna hlutverki sínu og taka að sér aukin verkefni,“ segir í athugasemdu með frumvarpinu.

Mörg embætti of veikburða í dag

Ýmsar forsendur eru taldar upp fyrir sameiningunni: byggðapróun og bættar samgöngur, sameining sveitarfélaga og stofnana, aukin samskiptatækni og rafræn þjónusta,

krafa um hagræðingu í ríkisrekstri og að með fækkun og stækkun embættanna verði hin nýju embætti öflugri.

„Telja má að minnstu embættin sem hafa fáum starfsmönnum á að skipa séu of veikburða til þess að halda uppi nægjanlega öflugri þjónustu í samanburði við stærri embætti. Við minnstu embættin eru nú tæplega nægileg verkefni fyrir löglærðan starfsmann. Þess er vænst að stækkun og sameining embætta leiði til þess að þau verði öflugri þjónustueiningar. Almennt má gera ráð fyrir að sérhæfing og afköst starfsmanna aukist við stærri embætti og að stærri og færri embætti muni tryggja betur samræmt verklag.“

Enn fremur segir að með breytingunni og rafrænni stjórnsýslu opnast tækifæri til að flytja verkefni út á landsbyggðina. „Með samningi milli sýslumannsembættis og viðkomandi stofnunar væri á einfaldan hátt hægt að flytja störf án þess að kosta of miklu til. Víða hjá sýslumannsembættum er vannýtt húsnæði. Starfsemi sem flutt yrði til sýslumannsembættis nyti ýmiss konar þjónustu sem fyrir er hjá viðkomandi embætti.

GG/agl.is

Gáfu skíðahjálma í Oddsskarð og Stafdal

TM á Austurlandi afhentu skömmu fyrir páska skíðasvæðunum á Austurlandi skíðahjálma til eignar. Á undanförunum árum hafa komið upp nokkur tilvik hér á Austurlandi þar sem skíðahjálmurinn hefur bjargað fólki frá alvarlegum höfuðáverkum. Skíðasvæðið í Oddsskarði og Stafdal búa því vel núna eftir þessa kærkomnu gjöf og geta nú lánað skíðafólki hjálma tímabundið til notkunar í skíðabrekunum hverju sinni.



Enginn vafi er á því að skíðahjálmarnir munu koma að góðum notum.

Orð skulu standa

Leiksýningin Orð skulu standa heimsækir Austurland um helgina. Sýningin hefur gengið fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúskjallaranum undanfarna mánuði, en hún er byggð á samnefndum útvarpsþætti sem árum saman naut mikilla vinsælda á Rás eitt.

Í sýningunni koma fram Sólveig Arnarsdóttir, leikkona, Guðmundur Steingrímsson, alþingismaður, og Pálmi Sigurhjártarson tónlistarmaður, en með þeim eru tveir valinkunnir gestir hverju sinni.

Stjórnandi er Karl Th. Birgisson.

Sýningar verða á Austurlandi sem hér segir:

Hótel Hérað, Egilsstöðum, 14. apríl kl. 20.30

Hótel Framtíð, Djúpavogi, 15. apríl kl. 20.30.

Fjölskyldudagurinn haldin á Vopnafirði sumardaginn fyrsta

Í fyrra tóku félagasamtök á Vopnafirði sig saman og skipulögðu fjölskyldudag með dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Í fyrra var haldið upp á daginn í maí en nú hefur verið ákveðið að hafa fjölskyldaginn á sumardaginn fyrsta, þann 19. apríl nk.

Dagskrá hátíðahalda liggur ekki fyrir en hún verður kynnt á næstu dögum á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps, www.vopnafjarðarhreppur.is.



Nýliðun í kerfinu er á kostnað
starfsfólks í sjávarútvegi um
allt land.

Rísum upp gegn boðuðu óréttlæti
Rísum upp og verjum störfín okkar

Útvegsmannafélag Austurlands

Saga samfélaga og sjávarútvegsfyrirtækja við sjávarsíðuna hefur verið samofin í áratugi - saman hafa þau vaxið og eflst. Sjávarútvegsfyrirtækin eru burðarásar í sínu samfélagi og öflugir þátttakendur í að styrkja félagasamtök og menningarlíf sinna byggða.



Síldarvinnslan hf



GULLBERG EHF





UMRÆÐA
ÁN RÖKSEMDA

Það virðist vera sem almennar röksemda-færslur séu á undanhaldi á Íslandi ef marka má umræður um mörg þau deiglumál sem koma upp í þjóðfélaginu. Alveg sama hvar fæti er stigið niður, málefni sjávarútvegsins, stjórnarskráin, forsetakosningar, ESB, banka-mál o.s.frv. þá snýr umræðan að flestu leyti um persónur eða hóp manna.

Umræðan í þjóðfélaginu um kvótamálin og málefni sjávarútvegsins virðist alltaf þróast út í umræður um hver tók hvað frá einni byggð og flutti annað og það sett upp í einhverja spill-ingarmynd. Efnisleg umræða um áhrif kvóta-frumvarpsins er takmörkuð og um leið og aðilar tjá sig um sínar skoðanir, jafnvel staðreyndir, þá er því svarað á þann veg að LÍÚ „mafían“ standi á bak við slíkt eða álitsgjafar ríkisstjórnarinnar og þá helst Ólínu Þorvarðardóttur og það eitt og sér dugar til að afbaka þær röksemdir sem lagðar voru fram.

Stjórnarskrármálið – þeir sem eru á móti eða hafa efasemdir vilja engar breytingar. Á meðan er engin umræða um þær tillögur sem lagðar hafa verið fram, hvaða þýðingu þær hafa og markmið þeirra.

Forsetakosningar – væri ekki betra að fólk velti því fyrir sér hver sé hæfasti einstaklingurinn til að gegna embættinu í stað þess að vera með langsóttar, draumkenndar og örökstuddar full-yrðingar um það hverjir standa á bak við hvert framboð? Fyrir hvað stendur þetta fólk, hverju ætlar það að ná fram og hvernig líta þau á forsetaembættið?

ESB- tölum um kosti og galla. Ræðum megin-inntak Evrópusambandsins og eðli þess í stað þess að ræða eingöngu um hver borgar kynningarmálin og hvort hætta beri viðræðum. Það eru engin rök að láta þar við sitja að við viljum bara sjá hvað sé í pakkanum. Sú röksemdafærsla gæti átt við allar hugmyndir – eigum við ekki að skoða hvað sé í pakkanum sem fylgir aðild að NAFTA (fríverslunarsamningi Norður Ameríku)? Hefðum við ekki átt að ræða við Nubo og sjá hvað var í hans pakka? Þeir eru margir pakkarnir og sjálfsagt ástæða til að skoða þá flesta en efnisleg umræða um það hvort eðli þess samstarfs sem um ræðir henti hagsmunum Íslands á ávallt að vera í forgangi því „pakk-arnir“ geta rýrnað með árunum.

Ræðum hlutina af yfirvegun efnislega og hættum þessum heiftarlegu árásum á hvern þann sem vogar sér að setja fram sínar skoð-anir þó svo að hann sé fyrrum eða núverandi „álitsgjafi“ einhvers.

Kveðja,
Ragnar Sigurðsson

Hjalli

Íslandspóstur hyggst loka póstafgreiðslu sinni á Mjóafirði. Fjárhagslega ástæður liggja að baki ákvörðun Íslandspóst sem ekki hefur gefið út hvernig fyrirtækið hyggst sinna póstafgreiðslu til íbúa Mjóafjarðar. Rúmt ár er liðið frá því Íslandspóstur lokaði afgangi sinni á Stöðvarfirði af sömu ástæðu. Það er því spurning hvort Pósturinn Páll komi til með að fara út fyrir Hvalfjörðinn í framtíðinni ef rekstrarkostnaður fyrir-tækisins heldur áfram að hækka samhliða samdrætti í póstsendingum.



Landsvirkjun auglýsir eftir samstarfsaðilum að verkefninu MARGAR HENDUR VINNA LÉTT VERK sumarið 2012.

Landsvirkjun hefur um áratugaskeið starfrækt sumarvinnuflokka ungs fólks. Hóparnir sinna viðhaldi, uppbyggingu og fegrun starfsstöðva Landsvirkjunar og vinna jafnframt að ýmsum samstarfs-verkefnum víða um land. Samvinna sumarvinnuflokka Landsvirkjunar og félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana hefur skilað sér í auknum umhverfisgæðum og betri aðstöðu til útivistar og ferðamennsku.

Í boði er vinnuframlag sumarvinnuflokka og flokksstjórn yfir þeim. Verkefnin lúta að ræktun, hreinsun, viðhaldi og öðrum umhverfisbótum ásamt ýmsum samfélags-verkefnum.

Óskað er eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni. Umsóknareyðublað með nánari upplýsingum er að finna á vef Landsvirkjunar, www.landsvirkjun.is.

Nánari upplýsingar veitir Þóra María Guðjónsdóttir, í síma 515 9000, thorag@lv.is.

Umsóknarfrestur rennur út 30. apríl. Umsóknareyðublað er að finna á landsvirkjun.is

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík - Iceland
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Tel: +354 515 90 00
Fax: +354 515 90 07



Landsvirkjun

austur glugginn

BÚÐAREYRI 7, 730 REYÐARFJÖRÐUR

Ritstjóri & ábyrgðarmaður: Ragnar Sigurðsson • frett@ austurglugginn.is • Fréttasími: 477 1750
Auglýsingastjóri og þjónusta við áskrifendur: Guðmundur Y Hraunfjörð • 477 1571 & 891 6484 - auglysing@austurglugginn.is
Fréttaritari í Neskaupstað: Áslaug Lárusdóttir s. 695 8498 - aslaugl@gmail.com • Fréttaritari á Vopnafirði: Bjarki Björgólfsson s. 865 7471 - kompan@vortex.is.
Útgáfandi: Útgáfufélag Austurlands ehf. • Umbrot og prentun: Héraðsprent.

Tillögur að deiliskipulagi Hólmaness og Helgustaðanámu

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar auglýsir hér með tillögur að deiliskipulagi Hólmaness og deiliskipulagi Helgustaðanámu samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag Hólmaness afmarkast af verndarsvæðinu Hólmanesi ásamt svæði norðan og vestan við friðlandið. Meginmarkmið með tillögunni er að skilgreina aðkomu að fólkvangi og friðlandi, skilgreina þjónustusvæði og áningarstaði og bæta aðstöðu til útivistar á svæðinu í heild.

Deiliskipulag Helgustaðanámu nær að vestanverðu niður fyrir Helgustaðaveg og niður í fjöru, norður og vestur fyrir núverandi áningarstað og upp með núverandi stíg og norður og austur fyrir friðlýst svæði Helgustaðanámunnar. Meginmarkmið tillögunnar er að móta stefnu um uppbyggingu stíga og áningastaða á svæðinu þar sem áhersla er lögð á bætt aðgengi fyrir ferðamenn og þar með betri stýringu ferðamanna um svæðið.

Deiliskipulagstillögunar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð og í þjónustugátt í Bókasafninu á Eskifirði frá og með **4. apríl 2012 til og með 16. maí 2012**. Athugasemdafrestur er til sama tíma. Tillögunar verða einnig til sýnis á heimasíðu Fjarðabyggðar, **www.fjardabyggd.is**.



Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillögunar. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulagsfulltrúa á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkrir.

Bæjarstjórinn í Fjarðabyggð



FJARÐABYGGÐ | þú ert á góðum stað

fjardabyggd.is

Mjóifjörður

Neskaupstaður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður



Klausturkaffi

OPIÐ NÆSTU SUNNUDAGA
15., 22. og 29. apríl kl. 12 - 17
og sumardaginn fyrsta 19. apríl
Hádegis- og kaffihlaðborð alla dagana.

ÁTTU LEIÐ Á ORMSSLÓÐIR?
Sýningar um Lagarfljótsorminn og Fljótið.
Tökum á móti hópum við öll tækifæri. Skoðið
matseðla á heimasíðu eða hafið samband!

Sími: 471 2992
klausturkaffi@skriduklaustur.is
www.skriduklaustur.is



Rómaðar veitingar á einstökum stað



Útboð

VSÓ Ráðgjöf ehf. f.h. Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) óskar eftir tilboðum frá verktökum í akstur almenningsvagna á **milli Egilsstaða og Hafnar í Hornafirði og milli Hafnar í Hornafirði og Egilsstaða**. Útboðið er auglýst á Austurlandi (sjá einnig heimasíðu SSA (www.ssa.is)).

Þjónustuverkefnið sem hér um ræðir felst í því að annast akstur á árinu 2012 á tímabilinu 15. maí til 15. september.

Útboðsgögn er hægt að nálgast frá og með mánudeginum 16. apríl á útboðsvef VSÓ Ráðgjafar (www.vso.is).

Tilboðum skal skila á skrifstofu VSÓ Ráðgjafar, Borgatúni 20, 105 Reykjavík eigi síðar en: **kl. 14:00, föstudaginn 27. apríl 2012**, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra sem þess óska.


VSÓ RÁÐGJÖF



FJARÐABYGGÐ

2. tbl., 3. árg. 2012 · Mýndir: Fjarðabyggð

Fréttabréf Fjarðabyggðar



Samgöngumál í Fjarðabyggð

Norðfjarðargöng eru forgangsverkefni

14. mars sl. fóru Jón Björn Hákonarson forseti bæjarstjórnar og Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að fylgja eftir umsögn sveitarfélagsins vegna samgönguáætlunar 2011 - 2022. Þá hefur bæjarráð fundað á undanförunum misserum með innanríkisráðherra og þingmönnum kjördæmisins vegna Norðfjarðarganga.

Í umsögninni er fjallað um mörg brýn samgönguverkefni í sveitarfélaginu en jafnframt er tekið fram að það sé forgangsmál að flýta gerð Norðfjarðarganga. Þá er einnig farið yfir mikilvægi á uppbyggingu Suðurfjarðavegar en á þeim vegi eru nokkrir mjög hættulegir kaflar eins og bent hefur verið á í nýlegri greinargerð „Slýs á hættulegustu vegum landsins“. Þar kemur fram að hættulegasti vegkaflí landsins er frá Stöðvarfirði í suðri til Norðfjarðar í norðri. Samkvæmt skýrslunni er vegurinn sem tengir hverfi Fjarðabyggðar sá hættulegasti á landinu. Umferð um þessa vegi hefur aukist mikið en viðhald og endurbýgging þeirra að sama skapi ekki. Að stærstum hluta er Suðurfjarðavegur óbreyttur frá því hann var fyrst uppbyggður á veglínu páverandi malarvegjar. Frá Reyðarfirði til Breiðdalsvíkur eru til að mynda fjórar einbreiðar brýr og tvær þeirra eru sérlega hættulegar þar sem þær mynda blindhæðir á þjóðveginum. Finna má umsögn bæjarstjórnar Fjarðabyggðar á www.fjardabyggd.is.

Íbúar og bæjarfulltrúar skrifa um málefni tengd Norðfjarðargöngum

Eins og sjá má í fjölmiðlum á síðustu vikum hefur ýmislegt verið ritað um Norðfjarðargöng og tengd málefni. Þessum greinum hefur nú verið safnað saman og hægt er að nálgast þær á heimasíðu Fjarðabyggðar. Meðal höfunda eru Björn Magnússon, Elín Hermannsdóttir, Hjörvar Jensson og Hrólfur Hrundal. Þá hafa verið birtar greinar eftir bæjarfulltrúana Jens Garðar Helgason, Elvar Jónsson og Pál Björgvin Guðmundsson bæjarstjóra Fjarðabyggðar. Greinarnar eru aðgengilegar á www.fjardabyggd.is.

Frá áhugahópi um gerð Norðfjarðarganga

Hver erum við?

Við erum hópur fólks sem höfum hist reglulega á Rauða Torginu í Neskaupstað og umræðan hefur aðeins verið ein. Hvað getum við, hinn venjulegi borgari gert til að tryggja réttlæti og sanngirni í samgöngumálum innan sveitarfélags okkar? Þetta gerum við í ljósi ástandsins á Oddsskarðsvegi og margsvikinna loforða um úrbætur.

Starf okkar er algjörlega ópólitískt, við styðjum alla þá sem eitthvað gott leggja til málanna og reynum að vekja athygli á sanngirniskröfum okkar og þeim mállefnalegu rökum sem að baki búa þeirri kröfu okkar að Norðfjarðargöngum verði ekki frestað enn einu sinni.

Starf okkar er algjörlega ópólitískt, við styðjum alla þá sem eitthvað gott leggja til málanna og reynum að vekja athygli á sanngirniskröfum okkar og þeim mállefnalegu rökum sem að baki búa þeirri kröfu okkar að Norðfjarðargöngum verði ekki frestað enn einu sinni.

Við höfum tilgang, hlutverk, markmið.

Tilgangur okkar er að tryggja nauðsynlegar samgöngubætur í sveitarfélagi okkar, hlutverk okkar er að skapa umræðu um nauðsyn þeirra og vera bakland sveitarstjórnarmanna okkar í baráttunni og markmið okkar er að stjórnmalamenn okkar komist ekki upp með að svíkja byggðarlagið enn einu sinni.

Hvað get ég gert?

Hvað getur hinn almenni borgari gert til að tryggja nauðsynlegar samgöngubætur í byggðarlagi sínu? Sérstaklega þegar loford þar um hafa ítrekað verið svikin og slík svik eru enn einu sinni í farvatninu.

Svarið í sinni tærustu mynd er að láta sig málið varða og láta aðra vita að manni sé ekki sama. Málið er að ef maður sjálfur hefur engan áhuga á samgöngubótum í byggðarlagi sínu, þá getur maður ekki ætlast til að aðrir hafi það. Hvorki stjórnkerfið né stjórnmalamennirnir sem taka ákvarðanir. Líklegra er að íbúar annarra byggðarlagar, sem sýna samgöngumálum sínum áhuga, fari upp fyrir okkur í forgangs röðinni.

Hið fornkvæðna er að þeir sem hjálpa sér ekki sjálfir, þeim er sjaldnast hjálpað af öðrum.

Þess vegna skiptir það máli í okkar litla samfélagi að við séum ÖLL dugleg að láta heyrna í okkur. Til þess eru ýmsar leiðir.

- Við höfum Facebooksíðu Norðfjarðarganga-hópsins sem okkar vettvang. Þar getum við látið í ljós skoðanir okkar, hvatt hvert annað til dáða, hrósað þeim sem stíga fram og tjá sig, hrósað kjörnu fulltrúum okkar þegar reyna á að þrýsta á stjórnvöld, hvort sem það er með blaðaskrifum, viðtölum í ljósvakamiðlum, með formlegum ályktunum eða öðru sem áhrif getur haft á framgöngu málsins.

- Tími okkar og aðstæður eru misjafnar en við höfum alltaf tíma til að læka. Læka, læka, læka, læka, læka, kostar okkur ekkert en gerir svo mikið.

- Við getum rætt málin við vini okkar og fjölskyldu, við vinnufélaga okkar, við alla þá sem hafa sama hag og við að hinn hættulegi vegur yfir Oddsskarð verði aflagður með nýjum göngum á láglandi. Beðið fólk líka að mæta á síðuna og tjá sig og læka og læka og læka.



- Við getum bæðið fólk að standa saman og sjúna að því sé ekki sama.

Ef við höfum tök á blaðaskrifum, greinarskrifum, þá endilega gera það. Allt sem gert er skiptir máli.

Ef okkur tekst vel upp þá myndum við afl sem ekki verður framhjá gengið. Nú Norðfjarðargöng verða að veruleika fyrir en seinna.

Hver vill það ekki?

Áhugahópur um Norðfjarðargöng

Upplýsingar um áhugahópinn má finna á facebook. Google: Norðfjarðargöng Facebook

Samkvæmt skýrslunni „Slys á hættulegustu vegum landsins“ er vegurinn sem tengir hverfi Fjarðabyggðar sá hættulegasti á landinu. Umferð um þessa vegi hefur aukist mikið en viðhald og endurbuygging þeirra að sama skapi ekki. Að stærstum hluta er Suðurfjarðavegur óbreyttur frá því hann var fyrst uppbyggður á veglínu þáverandi malarvegar.

Bæjarstjórar á Vestfjörðum vilja flýta jarðgöngum

Þrír bæjarstjórar sveitarfélaga á Vestfjörðum hafa sent frá sér yfirlýsingu þar sem þeir taka undir kröfur Austfirðinga um byggingu Norðfjarðarganga. Meðal annars ræða bæjarstjórnir um mikilvægi öryggis í samgöngum og nauðsyn þess að tengja saman byggðarlög. Undir yfirlýsingu skrifa: Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbbyggðar, Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Elías Jónatansson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar.

Fimm ástæður fyrir því að flýta gerð Norðfjarðarganga

Aldrei hefur verið eins mikilvægt og nú að taka höndum saman og benda á mikilvægi Norðfjarðarganga. Verklegar framkvæmdir við Norðfjarðargöng áttu að hefjast árið 2009. Framkvæmdum var hins vegar frestað til ársins 2011. Í drögum að nýrri samgönguáætlun er gert ráð fyrir enn meiri frestun, nú fram á tímabilið 2015 til 2018. Það er með öllu óviðunandi, enda ríkar ástæður fyrir því að flýta gerð Norðfjarðarganga.

1) Nú göng eru lífsnauðsynleg.

Núverandi Oddsskarðsgöng eru slysaöldra. Þau eru einbreidd, í þeim er blindhæð og reglulega hrynur grjót úr ganga-loftinu sem stundum endar á veginum. Vegurinn að göngunum, sem liggur upp í 632 m hæð, er einnig hættulegur með mörgum kröppum og erfiðum beygjum og brattinn er allt að 13%. Vegna þessa mikla bratta og hinna ófullkomnu ganga skapast bæði hættu og erfiðleikar á Oddsskarði. Flutningabílar eiga oft í vanda í brekkunum og þegar stórir bílar eiga leið um göngin þurfa minni bílar oft að bakka í göngunum og því getur óvant fólk lent í miklum erfiðleikum í göngunum á álagstímum. Flutningabílar lenda einnig oft í vandræðum vegna þess hve göngin eru lág og þröng.

2) Fjallvegur í 632 metra hæð er óviðunandi í miðju sveitarfélagi.

Á fáum stöðum á landinu þurfa íbúar að aka yfir 600 metra háan fjallgarð til þess að sækja vinnu, þjónustu eða stunda tómstundir. Sú er raunin í Fjarðabyggð því í Neskaupstað eru: Ýmsar lykilstofnanir sveitarfélagsins og Austurlands alls. Öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landshlutans. Fjórðungssjúkrahús Austurlands, eina deildaskipta sjúkrahúsið í landshlutunum með einu fæðingardeildina og skurðeildina á Austurlandi. Verkmenntaskóli Austurlands, eini skólinn frá Akureyri að Selfossi sem býður upp á iðnnám. Sjúkraflutningar og flutningar með þungaðar konur yfir Oddsskarð eiga sér stað alla daga ársins. Yfir Oddsskarð eru miklar almenningssamgöngur, s.s. með nemendum Verkmenntaskólans, börn á íþróttæfingar á Reyðarfirði, akstur með starfsmenn Alcoa Fjarðaáls og annarra starfsmanna á hafnarsvæði Mjóeyrarhafnar og akstur á flugvöllinn á Egilsstöðum.

3) Eitt öflugasta þjónustu- og atvinnusvæði landsins.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að byggja upp eitt þjónustu- og atvinnusvæði á miðfjörðum Austfjarða. Það hefur tekist með sameiningu sveitarfélaga og markvissri uppbyggingu atvinnulífs. Fjarðabyggð (eldri) varð til 1998 og Fjarðabyggð (ýngri) 2006. Í síðasta sameiningarátaki ríkis og sveitarfélaga árið 2005 var kosið um 16 sameiningarkosti en sameining var einungis samþykkt í Fjarðabyggð. Þá voru gefin þau fyrirheit að samgönguframkvæmdir hefðu forgang á svæðum sem sjúndu vilja til að byggja upp öflug þjónustu- og atvinnusvæði.

4) Þjóðhagslegt mikilvægi sveitarfélagsins.

Fjarðabyggð er eitt mikilvægasta svæði landsins í efnahagslegu tilliti. Um 23% af vöruútflutningi þjóðarinnar er skipað út í Fjarðabyggð og Mjóeyrarhöfn er önnur stærsta útflutningshöfn landsins. Besti stuðningur við verðmætasköpun á svæðinu er að efla flutningsleiðir innan svæðisins. Höfnin í Neskaupstað tekur á móti 14,3% af heildarkvóta landsmanna (182.860 tonn árið 2011). Í Fjarðabyggð koma alls 22,4% af heildarkvótanum á land. Í Neskaupstað fer fram mikil fiskvinnsla, einkum á uppsjávarfiski, og þaðan er mikil umferð flutningabíla með sjávarfang yfir hinn erfiða Oddsskarðsveg (um 25.000 tonn árið 2011 og í gegnum hin ófullkomnu Oddsskarðsgöng).

5) Umferðin hefur aukist og mun aukast.

Það er óviðunandi fyrir íbúa Fjarðabyggðar að innan sveitarfélagsins sé jafnmikil samgönguhindrun og vegurinn um Oddsskarð. Vegurinn gerir sveitarfélaginu erfitt um vik að taka á samfélagslegum vanda svæðisins s.s. staðbundnu atvinnuleysi kvenna. Konur eru í meirihluta atvinnulausra sunnan Oddsskarðs en öflugir kvennavinnustaðir eru norðan skarðs sem konur veigra sér við að sækja vegna erfiðra og hættulegra samgangna. Umferð um Oddsskarð hefur aukist mjög mikið á síðustu árum, ekki síst vegna uppbyggingar iðnaðar- og hafnarsvæðisins við Mjóeyrarhöfn og stækkunar sveitarfélagsins sem hefur kallað á auknið samstarf á fjölmörgum sviðum. Hönnun ganganna er lokið og ekkert til fyrirstöðu að leita tilboða í verkið og framkvæmdir geta hafist strax á næsta ári. Fátt getur minnkað líkurnar á slysi annað en nýr vegur og ný göng.

Greinin er m.a. byggð á samantekt Smára Geirssonar „Um mikilvæg atriði og staðreyndir varðandi nú Norðfjarðargöng“ frá janúar 2011 sem má m.a. finna á www.fjardabyggd.is. Ýmsar tölur sem koma fram í samantektinni hafa verið uppfærðar.



Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri.

Takmarkað eftirlit með reikningsfærslum lækna

Málefni fyrrverandi yfirlæknis HSA tengt brottvikningar hans úr starfi fyrir meintan fjárdrátt er enn í fersku minni fólks á Austurlandi. Málið olli talsverðri ólgu, sérstaklega á Eskifirði, og deilt var á stjórnendur HSA vegna málsins. Ríkisendurskoðun fór yfir mál yfirlæknisins á sínum tíma og taldi að hann hefði í 26 tilfellum farið fram á of háar greiðslur fyrir vinnu sína með rangri reikningagerð. Áður hafði lögregla og ríkissaksóknari fjallað um þessar grunsemdir en ákveðið að fella niður rannsókn. Umræddur fyrrverandi yfirlæknir kærði HSA fyrir ólögmæta brottvikningu úr starfi og hefur krafist 26,7 milljónir króna í skaðabætur. Þá fer hann fram á 5 milljónir króna í miskabætur, bæði frá stofnuninni og Einari Rafni Haraldssyni, forstjóra HSA, vegna meidyrða.

Úttekt

ríkisendurskoðunar

Í kjölfar úttektar ríkisendurskoðunar þar sem stofnunin taldi að sýnt hefði verið ótvírætt fram á að yfirlækninum hafi verið eða mátt vera ljóst að hann ofkrafði HSA um þóknun fyrir vinnu sína í a.m.k. 26 tilvikum á tveimur u.þ.b. mánaðarlöngum tímabilum á árunum 2007 til 2009, var þess farið á leit við ríkissaksóknara að hann rannsakaði málið að

ráðuneytið var minnt á að forstöðumenn heilbrigðisstofnana og heilbrigðisyfirvöld eiga að fylgja því eftir að heilbrigðisstarfsmenn virði starfsskyldur sínar. Jafnframt hvatti Ríkisendurskoðun ráðuneytið til að huga að þeim úrræðum sem viðeigandi sé að beita í þessu máli. Þáverandi Heilbrigðisráðherra, Álfheiður Ingadóttir, sagði að brugðist yrði við hvatningu ríkisendurskoðunar og sagði „það verður kannað til hvaða úrræða þarf að grípa.“



Mótæli og deilur vegna brottvikningar yfirlæknisins voru háværar á Austurlandi árið 2009.

Læknar skrá tíma og kóða í samræmi við þau verk sem þeir vinna að hendi og samkvæmt skilgreiningu kjaranefndar lækna. Kóðarnir sem læknar notast við gefa visst margar einingar sem greitt er fyrir, allt frá 1 og upp í 100 einingar. 100 einingar er endurlífgun.

nýju. Ríkissaksóknari vísaði málinu til lögreglustjórans á Eskifirði sem ákvað að fella málið niður að nýju sökum þess að erfitt væri að sanna ásetning í meginþorra rannsóknartilvika. Tekið var þó fram að brotalamir hefðu verið á reikningsfærslur læknisins í sjúkaskrá og að reikningagerð hans hefði vakið grunsemdir um misferli.

Í kjölfar niðurfellingar málsins sendi Ríkisendurskoðun bréf til heilbrigðisráðuneytisins þar sem

Falsaði endurlífgun

Austurglugginn hefur undir höndum gögn Ríkisendurskoðunar „Úttekt nánar afmörkuðum gjaldskrárverkum Hannesar Sigmarssonar, yfirlæknis Heilsugæslunnar í Fjarðabyggð.“ Þar kemur fram að læknirinn hafi skráð ranga sjúkdómsgreiningu á afgreiðsluseðil sem notaður er vegna innheimtu launaliðar samkvæmt hverju útkalli fyrir sig.

Læknar skrá tíma og kóða í samræmi við þau verk sem þeir inna að hendi og samkvæmt skilgreiningu kjaranefndar lækna. Kóðarnir sem læknar notast við gefa visst margar einingar sem greitt er fyrir, allt frá 1 og upp í 100 einingar. 100 einingar er endurlífgun.

Samkvæmt heimildum Austurgluggans kom lögreglan með unga stúlku til yfirlæknisins til aðhlynn-ingar en hún þjáðist af áfengiseitrun.

Læknirinn skráir 100 einingar fyrir sín læknisverk og segir í ferilssögu atviksins að atvikið hafi átt sér stað þann 3. janúar 2009, rétt fyrir fimm að miðnætti. Í samskiptaseðlinum er því list að læknirinn hafi farið með

Læknirinn skráir 100 einingar fyrir sín læknisverk og segir í ferilssögu atviksins að atvikið hafi átt sér stað þann 3. janúar 2009, rétt fyrir fimm að miðnætti. Í samskiptaseðlinum er því list að læknirinn hafi farið með stúlkuna á FSN til frekari aðhlynnningar þar tekur læknir FSN á móti stúlkunni og ritar Læknabréf um málið þar sem fram kemur að engin endurlífgun hafi átt sér stað og að um áfengiseitrun hafi verið að ræða.

stúlkuna á FSN til frekari aðhlynn-ingar þar tekur læknir FSN á móti stúlkunni og ritar Læknabréf um málið þar sem fram kemur að engin endurlífgun hafi átt sér stað og að um áfengiseitrun hafi verið að ræða. Undir þetta tekur trúnaðarlæknir Ríkisendurskoðunar, Þórir V. Þórisson og segir í skýrslunni um atvikið að „sjúklingurinn þjáðist af áfengiseitrun. Var allan tímann með eðlilegt lífmark. Skilgreining kjaranefndar vegna liðar 151:

Endurlífgun. Staðfest hjarta- og/ eða öndunartopp, sem krefst endurlífgunaraðgerða að lágmarki hjartahnoðs og eða blásturs.“ Í skýrslunni segir Þórir að ekki verði séð að neitt framangreint „hafi verið framkvæmt. Ekki verður séð að viðkomandi sjúklingur hafi verið í lífshættu og engin endurlífgun átti sér stað.“

Í skýrslunni segir að yfirlæknirinn hafi því fengið ofgreitt í samræmi við þessa skráningu. Austurglugginn hafði samband við Landlæknisembættið og fékk þar staðfest að svona skráning geti eingöngu átt sér stað í ákveðnum tilgangi þ.e. til þess að fá hærri greiðslur en viðkomandi læknir bar að fá.

Takmarkað eftirlit með skráningum afgreiðsluseðla lækna

Samkvæmt upplýsingum Austurgluggans eru það Sjúkratryggingar Íslands sem eiga að fara með eftirlit með afgreiðsluseðlum en samkvæmt heimildum Austurgluggans er það eftirlit takmarkað. Í raun hefur stofnunin lítil úrræði til að fylgjast með skráningunum og engar forsendur til að rengja skráninguna nema þá að verulegir annmarkar komi í ljós.

Einar Rafn Haraldsson, forstjóri HSA, vildi ekki tjá sig vegna málsins.

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ævar Dungal
löggitur fasteignasala

domus
F A S T E I G N A S A L A

Austurland símar: 440-6016 | Þjónustusími eftir lokun 897 6060.

Gæða fasteignasala fyrir Austfirðinga

Launafl ehf., bifreiðaverkstæði



**Launafl ehf.
bifreiðaverkstæði
að Austurvegi 20, Reyðarfirði.**

*„Vorið er komið og grundirnar gróa
gilin og lækirnir fossa af brún.“*

Minum á að nagladekkin þurfa að fara undan
bílnum áður en langt um líður.

„Stjáni og Kalli“ Bóassynir veita góða
og fljóta þjónustu.

Opnunartími:

**Mánudagur - fimmtudags frá kl. 08:00 - 18:00
og föstudaga frá kl. 08:00 - 16:00.**

Sími bifreiðaverkstæðis er 414-9420.

Netfang: bill@launafl.is



Launafl ehf. – www.launafl.is

Eru skólprörin í húsinu þínu farin að gefa sig?

**Kynningarfundir verða á
Egilsstöðum og Reyðarfirði
þann 17. apríl**

Kaffi Egilsstaðir **kl. 16:00 - 18:00**

Safnaðarheimilið Reyðarfirði **kl. 19:00 - 21:00**

Nánari uppl. Guðmundur Y. Hraunfjörð - Sími 695 4789

Bólholt verður á staðnum með bíla og tæki til sýnis.

Það hefur aldrei verið eins þægilegt
að láta gera við **Frárennslislagnir!**

Við fóðrum skólp og frárennslislagnir
að innan.

PROLINE

www.proline.is

Gefum gömlum lögnum NÝTT líf!

Heimildarmyndin VETURHÚS frumsýnd

Hetjudáð & harmleikur

Heimildarmyndin *Veturhús* var frumsýnd í Valhöll á Eskifirði 1. apríl síðastliðinn fyrir fullu húsi. Myndin segir frá örlagaríkri heræfingu breskra hermanna á Eskifjarðarheiði þar sem átta hermenn fórust í óveðri. Austurhlugginn var viðstaddur frumsýninguna og hitti Þorstein J. Vilhjálmsson, leikstjóra og handrits-höfund myndarinnar.

Mesti mannskaði sem breska herliðið varð fyrir á Austurlandi í síðari heimsstyrjöld varð ekki í stríðsátökum heldur í baráttunni við íslenskan vetur. Á sólskinsdegi þann 20. janúar 1942 fór

um 70 manna herflokkur frá Búðareyri og ætlaði að ganga til Eskifjarðar en á miðri leið brast á grenjandi stormur og slagveður. Síðla kvölds varð bóndinn í Veturhúsum í Eskifirði fyrir tilviljun var við hermenn sem skeiddist í átt að bænum. Af bendingum skildi hann að fleiri væru hætt komnir í fjallinu. Þessa nótt bjargaði heimafólk í Veturhúsum tugum mannlífa. Átta manns urðu úti og hvíla þeir í kirkjugarðinum á Búðarmel á Reyðarfirði.

En þótt þetta afrek sé þekkt hér eystra hafði kvikmyndagerðarmaðurinn Þorsteinn J. aldrei heyrt

þessa sögu þegar framleiðendur myndarinnar, Sturla Pálsson og Arnar Knútsson, sögðu honum hana árið 2007. Í myndinni er sögð saga tveggja manna, þeirra Ron Davis og Magnúsar Pálssonar. Sá fyrrnefndi sinnti herskyldu á Reyðarfirði þegar harmleikurinn átti sér stað og sá síðarnefndi var, ásamt bróður sínum Páli, á þönum þessa nótt við að bjarga hermönnum í bæinn þar sem systur þeirra, Bergþóra og Kristín, hjúkruðu þeim ásamt móður þeirra, Þorbjörgu.

„Þetta eru svona menn tveggja heima,“ segir Þorsteinn J. „Þeir koma sinn úr hvorri áttinni og upplifðu þennan atburð á mismunandi hátt. Ég vildi segja þeirra sögu og svo langaði mig til að leiða til lykta og útskýra hvers vegna þetta gerðist.“

Varstu með einhverjar fyrirfram mótaðar hugmyndir um hvernig þessi mynd átti að vera?

„Það er nú oftast svoleiðis að hver mynd velur sér sinn eigin frásagnarhátt. Þetta byrjaði þannig að ég tók upp símann og hringdi í Magnús, spurði hvort ég mætti koma í heimsókn og svo fór ég austur og hitti hann. Síðan fór ég til Washington í Bandaríkjunum og heimsótti Ron Davis og þá fór þetta allt saman að raðast í huganum á mér, þ.e. hvernig frásagnarhátturinn átti að vera. Og svo endar þetta allt saman á biótjaldi hér í Valhöll.“

Eitt viðfangsefni myndarinnar er þöggunin um þennan atburð, einkum hjá hernum.

Hafði þetta áhrif á vinnsluferli myndarinnar á þá leið að illa gengi að fá upplýsingar?

„Það gekk ágætlega að fá fólk til að tala. Mér fannst eiginlega aðalatriðið að segja söguna frá sjónarhóli Magnúsar og Ron. Ég var aldrei að reyna að finna einhvern sökudólg en við fáum engu að síður að vita í myndinni hvers vegna þetta gerist. Maður er vanur að horfa á stríðsárin á Íslandi þannig að hér hafi bara verið einn her en þetta var ekki svona einfalt þegar betur er að gáð. Hér voru mismunandi herflokkar og það var gríðarlegur ríður á milli þeirra og þannig verður



þetta slys. Það var metingur og keppni á milli herflokka sem rak mennina á þessa örlagaríku heræfingu. Myndin sýnir okkur heragann, þessa hlið hermennskunnar sem okkur Íslendingum finnst kannski erfitt að skilja. Menn gera bara það sem þeim er sagt og vefengja ekki skipanir.“

Það kemur fram í myndinni að herdeildin sem missti þessa menn hafi lítið viljað rannsaka þetta mál á sínum tíma. Er hugsanlegt að menn hafi skammast sín fyrir þennan harmleik?

„Já, ég held að þetta sé eitthvað sem þessi herdeild hafi ekki verið ánægð með. Þetta mannfall var alger óþarfi og það segir kannski ákveðna sögu að þetta hafi ekki verið rannsakað á sínum tíma. Menn hafa bara viljað gleyma þessu sem er auðvitað að vissu leyti skiljanlegt. Fulltrúi herdeildarinnar segir í myndinni að það hafi einfaldlega verið heimsstyrjöld og þótt átta manns deyi á Íslandi sé það ekkert stórmál í sögu herdeildarinnar. Þetta er hinsvegar stórmál á mælikvarða okkar Íslendinga og mér finnst svo merkilegt það sem Magnús og Bergþóra systir hans segja í myndinni: „Ef við hefðum bara getað bjargað öllum.“ Þetta er þessi íslenska hugsun þar sem hvert mannslíf skiptir svo miklu máli. Erlendis er mannfall í stríði bara eitthvað sem fylgir átökunum. Svo kemur bara næsti dagur og nýtt stríð.“

Myndin verður sýnd í sjónvarpi hér á Íslandi en hvað verður svo um hana?

„Ég er spenntur að heyra viðbrögðin við henni. Það eru ekki margir sem hafa heyrt þessa sögu þótt staðreyndin sé sú að þetta er næststærsta björgun Íslandssögunnar. Fimm manna fjölskylda bjargar fjörutíu og átta hermönnum í óveðri en það er eiginlega hvergi minnst á þetta. Mér finnst það stórmerkilegt og gott og tímabært að þetta afrek komi núna fram í dagsljósið. Ég veit að það er áhugi á myndinni í Englandi sem er gleðilegt því sögur þessara tveggja manna eiga erindi við marga.“

Koma viðtökurnar hér á Eskifirði þér á óvart?

„Já, algerlega. Ég átti ekki von á að þessi mynd yrði sýnd fyrir fullu húsi og mér finnst einstaklega ánægjulegt og viðeigandi að frumsýna þessa mynd hér í Valhöll á Eskifirði,“ sagði Þorsteinn J. en að lokum má geta þess að fyrr á þessu ári var Magnús Pálsson heiðraður af bresku ríkisstjórninni fyrir þetta einstaka björgunarafrek, sjötíu árum eftir atburðinn.

-JKÁ



Þorsteinn J. Vilhjálmsson, leikstjóri og handritshöfundur myndarinnar.



Magnús Pálsson ásamt Jerry Hudson, ofursta og varnarmálafulltrúa Bretlands, við afhendingu viðurkenningar fyrir einstakt björgunarafrek Magnúsar.



Valhöll var full út úr dyrum þegar myndin var frumsýnd 1. apríl síðastliðinn.



Íslenska veðráttan gat leikið hermenn grátt. Myndin sýnir æfingu breskra hermanna á Reyðarfirði en tengist harmleiknum á Eskifjarðarheiði ekki beint.

marknomin.is

netto
Kræsingar & kostakjör

BLÁSKEL
FRÁ HRÍSEY



999

ÁÐUR 1.298 KR/KG

FERSKLEIKI Í NETTÓ

BÁMAR LÚÐUSTEIKUR
RÖÐ OG BEINLAUSAR



VERÐ NÚ

2.608

ÁÐUR 2.898 KR/KG

BÁMAR ÞORSKGELLUR



VERÐ NÚ

1.591

ÁÐUR 1.989 KR/KG

BÁMAR ÞORSKHNAKKI
LÉTTISALTADUR



VERÐ NÚ

1.594

ÁÐUR 1.898 KR/KG

TÚNFISKSTEIKUR
FROSTNAR



VERÐ NÚ

2.798

ÁÐUR 3.498 KR/KG

FISKIBOLLUR - 800 G
EKTAFISKUR



VERÐ NÚ

890

ÁÐUR 989 KR/PK

FISKUR Í RASPI
EKTAFISKUR



VERÐ NÚ

994

ÁÐUR 1.198 KR/KG

www.netto.is

| Mjódd • Salavegur • Hverafold • Akureyri • Höfn • Grindavík • Reykjanesbær • Borgarnes • Egilsstaðir • Selfoss |

NAUTAPIPARSTEIK
FERSK

2.484
ÁÐUR 3.549 KR/KG

30% AFSLÁTTUR



ALLAR HELGAR

GRILLBORGARAR
4 STK. M/ BRAUÐI

GÓÐI



VERÐ NÚ
593
ÁÐUR 698 KR/PK

BARNAFATADAGAR



AFNEMUM
VSK AF
BARNA-
FATNAÐI

FANTA 6X330 ML



25% AFSLÁTTUR

449
VERÐ ÁÐUR 598 KR/PK.

VATNSMELÓNUR
SAFARÍKAR OG GÓÐAR



VERÐ NÚ
115
ÁÐUR 229 KR/KG

50% AFSLÁTTUR

ÁVÖXTUR
VIKUNNAR

Tilboðin gilda 12. - 15. mars

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Orð skulu standa

laugardagskvöldið 14. apríl kl. 20:30



Einn alvinsælasti útvarpsþáttur þjóðarinnar undanfarin ár, **Orð skulu standa**, hefur slegið í gegn sem leiksýning í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur.

Hann heimsækir nú Austurland og verður á sviði á Hótel Héraði laugardagskvöldið 14. apríl.

Fastir þátttakendur eru Guðmundur Steingrímsson alþingismaður, Sólveig Arnardóttir leikkona og Pálmi Sigurhjartarson tónlistarmaður, en gestir á þessari sýningu eru Jóhanna Seljan Þóroddsdóttir og Þór Þorfinnsson. Stjórnandi er Karl Th. Birgisson.

Aðeins þessi eina sýning. Tryggðu þér miða í herad@icehotels.is eða síma 471 1500.

Ummæli gesta:

„Þetta er fáránlega skemmtilegt!“ Katrín Bessadóttir
„Þetta er mikil snilldarformúla, þessi þáttur.“ Guðmundur Andri Thorsson
„Mæli með að allir aðdáendur þáttanna drifi sig í leikhúsið.“ Vigfús M. Vigfússon
„Ótrúlega skemmtilegt.“ Svanhildur Hólm Valsdóttir
„Frábær sýning og aðstandendum hennar til mikils sóma.“ Heimir Már Pétursson
„Ljúffeng skemmtun og gefandi, fyndin og hlýleg.“ Svandís Nina Jónsdóttir
„Þetta er aldeilis frábær skemmtun í alla staði.“ Björn Valur Gíslason
„Þetta var yndislegt kvöld og ég held að ég hafi hlegið nær stanslaust.“ Guðbjörg Guðmundsdóttir
„Enginn ætti að láta þetta skemmtilega kvöld fram hjá sér fara.“ Stefán Karl Stefánsson

Bókanir og allar upplýsingar veitir starfsfólk okkar á staðnum, í síma 471 1500 og í tölvupósti á herad@icehotels.is.

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR



Verður á söngferðalagi um
AUSTURLAND
19. - 20. APRÍL 2012

19. APRÍL

SÖNGUR FYRIR STARFSMENN ALCOA REYÐARFIRÐI
OG Í SAFNAHÚSINU OG SJÚKRAHÚSINU NORÐFIRÐI
KL. 20:00 Í ESKIFJARÐARKIRKJU

20. APRÍL

KL. 20:00 Í EGILSSTAÐAKIRKJU
GESTIR: KARLAKÓRINN DRÍFANDI

MIÐAVERÐ KR. 2.000.- Í KIRKJUNUM

STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON
PÍANÓLEIKARI: STEINUNN BIRNA RAGNARSDÓTTIR

SUMARBÚÐIR ÞJÓÐKIRKJUNNAR VIÐ EIÐAVATN 2012

Innritun er hafin í síma 892 3890
og með tölvupósti á netfangið:
kirkjumidstod.austurland@kirkjan.is



Ógleymanleg
sumardvöl
í fögru umhverfi

Nr.	Tímabil	Aldur
1	18. - 22. júní	7 - 9 ára
2	25. - 29. júní	10 - 13 ára
3	2. - 6. júlí	7 - 9 ára
4	9. - 13. júlí	8 - 12 ára
5	16. - 20. júlí	12 - 14 ára

Ævintýraflokkur

Verð kr. 27.000.-
Systkinaafsláttur 10%



Kirkjumíðstöð Austurlands
Pósthólf 196, 700 Egilsstaðir



Til góðra verka!



Fréttabréf AFLs Starfsgreinafélags 1. tbl. 2012

Myndasamkeppni AFLs 2012

Myndasamkeppni AFLs Starfsgreinafélags 2011 skilaði ágætum árangri. Innsendar myndir voru þó heldur færri en vonir stóðu til, ekki bárust myndir frá öllum orlofssvæðum.

Vakin er athygli á því að til að vinna þau glæsilegu verðlaun sem í boði eru í ár verður myndefnið að vera fjölskyldan og orlofshúsið – orlofssvæðið.

Það eykur mjög líkur myndar til verðlauna ef hún dregur fram á jákvæðan hátt kosti orlofshússins eða svæðisins, ekki er verra ef myndin undirstrikar ánægju fjölskyldunnar af samveru í orlofi. Ekki er nauðsynlegt að stilla allri fjölskyldunni upp, láta heldur hugmyndaflugið ráða ferðinni. Ekki er nauðsynlegt að vera með úrvals myndavél því oft er hægt að fanga skemmtileg augnablik á einfaldar vélar.

Sendu endilega inn myndina þína og láttu á það reyna hvort hún sé vinningsmynd.



Vinningsmyndin úr myndasamkeppni AFLs árið 2011.

Myndir sendist á myndir@asa.is í upprunalegri upplausn, fyrir 1. september 2012. AFL Starfsgreinafélag áskilur sér birtingarrétt á öllum innsendum myndum. Upplýsingar um vinningshafa verða birtar á heimasíðu félagsins www.asa.is upp úr miðjum september 2012.

Verðlaunin:

1. Glæsileg Canon myndavél. Canon Powershot SX130 myndavél.
2. – 13. Helgardvöl í orlofsíbúðum félagsins á Akureyri og í Reykjavík.

Annasamt framundan

Um mánaðamótin var haldinn tveggja daga ársfundur trúnaðarmanna félagsins þar sem yfirskriftin var „Hrikir í stoðum velferðarkerfisins.“

Aðalfundur verkamannadeildar félagsins var haldinn þann 10. apríl sl. og stjórnarfundur AFLs þann 12. apríl.

Á næstunni:

- Úthlutun orlofshúsa þann 16. apríl.
- Uppstillingarnefnd fundar þann 17. apríl.
- Aðalfundur iðnaðarmannadeildar þann 23. apríl.
- Stjórnarfundur þann 25. apríl.
- Aðalfundur verslunarmannadeildar þann 26. apríl.
- Aðalfundur félagsins þann 28. apríl.
- 1. maí hátíðarhöld verða á 12 stöðum á félagssvæði AFLs.
- Aðalfundur Stapa lífeyrissjóðs þann 8. maí.
- Framhaldsþing Starfsgreinasambandsins (SGS) þann 10. maí.

Eins og sjá má á þessari upptalningu er mikið um að vera á næstu vikum og fjölmargir félagsmenn AFLs taka þátt í þessum viðburðum.

AFL tekur við málefnum atvinnulausra



Unnið er að samningum um að AFL Starfsgreinafélag taki að sér að annast þjónustu við atvinnuleitendur úr aðildarfélögum ASÍ á Austurlandi. Samningurinn sem fyrir liggur og nær til fjögurra tilraunaverkefna, á Austurlandi, Suðurnesjum og tveggja verkefna á höfuðborgarsvæðinu, kveður á um að félögin muni veita aðstoð við skráningu og svo ráðgjöf og vinnumarkaðsúrræði. Stefnt er að því að þjónustan flytjist til félaganna í maí nk.

Stærsta fjárfesting orlofssjóðs AFLs frá upphafi

Búið er að gera stóratæk í uppbyggingu orlofshúsa og íbúða fyrir félagsmenn AFLs á undanförunum tveimur árum. Eftir uppbygginguna sem er að mestu lokið að sinni hafa félagsmenn AFLs starfsgreinafélags nú fleiri valmöguleika í leigu orlofshúsa og orlofsíbúða en áður. Síðastliðið haust voru tekin í notkun ný orlofshús í Reykjavík og búið er að leggja heitt vatn í alla sumarbústaði AFLs á Einarstöðum, sólpallar endurnýjaðir og settir upp heitir pottar. Uppbyggingin er stærsta einstaka fjárfesting félagsins frá upphafi.

Fjölbreyttir valkostir

AFL býður félagsmönnum sínum upp á fjölbreytta valkosti í orlofsmálum en félagið á 22 orlofshús sem leigð eru út til félagsmanna auk 12 íbúða í Reykjavík og 3ja íbúða á Akureyri. Aðsóknin í orlofshúsin er eins og gefur að skilja mest á sumrin og um páskana en með tilkomu heitra potta á Einarstöðum hefur eftirspurnin aukist, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.



Á Illugastöðum í Fnjóskadal á félagið 1 hús. Húsið var allt endurnýjað að innan fyrir nokkrum árum síðan og settur upp heitur pottur.



Í Klifabotni í Lóni á félagið tvö hús sem byggð voru 1994. Húsin eru vel búin og heitir (rafmagns) pottar við þau.

Uppbygging á Einarstöðum

Á Einarstöðum á Fljótsdalshéraði á félagið 19 hús. Húsin voru byggð um 1970 í eldri byggðinni en um 1980 í yngri byggðinni. Kallað hefur verið eftir endurnýjun húsa af hálfu félagsmanna um nokkurt skeið og það var loks snemma á síðasta ári sem náðist samkomulag við hitaveituna á Héraði að koma heitu vatni

að húsunum með stofnun Vallaveitu. Það hefur haft miklar breytingar í för með sér, bæði við að setja upp ný vatns- og ofnakerfi í húsin og eins að koma upp pottum og undirbyggingu fyrir þá. Unnið hefur verið í þessu verkefni í vetur og verður því verki lokið fyrir sumarleiguna. Jafnframt hefur stjórn félagsins samþykkt að fara í endurnýjun húsa að innan, en þær breytingar verða gerðar í áföngum á næstu árum. Mikilvægt er að félagsmenn sýni því umburðarlyndi að þau verði ekki öll tekin í gegn á sama tíma.

Porkell Kolbeinsson, formaður Orlofssjóðs AFLs, segir að framkvæmdir á Einarstöðum hafi gengið vel. Hann segir að búið sé að gjörbylta allri aðstöðu á Einarstöðum og með því sé hægt að bjóða félagsmönnum AFLs upp á betri kosti, ekki einungis á Einarstöðum heldur einnig annarsstaðar á landinu því hluta húsa á Einarstöðum og öðru húsinu í Klifabotni hefur félagið undanfarið ár skipt út fyrir önnur orlofshús og með því móti komið til móts við óskir félagsmanna um aukna valmöguleika viðs vegar um landið. Tilkoma heits vatns í orlofshúsin á Einarstöðum auðveldar AFLi að skipta þeim íbúðum út þar sem gerð er sú krafa í auknum mæli að heitir pottar séu við húsin. AFL hefur gert þá kröfu undanfarið ár að í þeim húsum sem félagið fær til skiptanna séu heitir pottar. Porkell segir að það sé almenn krafa félagsmanna að heitir pottar séu staðsettir við húsin og iðulega sé það fyrsta spurningin sem þau eru spurð að þ.e. hvort heitir pottar séu til staðar. Porkell bindur vonir við að félagsmenn AFLs komi til með að nýta húsin yfir vetrarmánuðina í auknum mæli um helgar. „Reynslan sýnir að vetrarleigan eykst mjög mikið með tilkomu heitra potta og við gerum ráð fyrir því“ segir Porkell.

Rekstrarfélag er starfandi um byggðina á Einarstöðum en þar eru í heildina 31 hús. Rekstrarfélagið hefur fram að þessu séð um útleigu húsa yfir veturinn að undanskilinni páskaþingunni.

Helsta ástæða þess að félagið á svo mörg orlofshús sem raun ber vitni er samsetning félagsins. Það samanstendur af mörgum eldri félögum sem starfandi voru á félagssvæðinu fram undir 2000 og áttu þau hús í byggðinni á Einarstöðum.



Umfangsmiklum framkvæmdum við heitavatnsvæðingu orlofshúsa á Einarstöðum er lokið.



Aukin nýting er nú á húsum AFLs á Einarstöðum eftir að heitir pottar voru settir þar. Horft er til þess að betri nýting verði á húsunum í helgarleigu yfir vetrarmánuðina.



Búið er að ljúka við uppsetningu heitra potta við flest húsin en verið er að leggja lokahönd á síðustu húsin í eigu AFLs.



Heitu vatni hleypt á fyrsta sumarhúsið á Einarstöðum.

Íbúðir AFLs

AFL á 3 íbúðir á Akureyri. Íbúðirnar eru annars vegar í Furulundi og Grenilundi og hins vegar í Klettaborg. Þær eru misstórar og í þeim er hefðbundinn búnaður. Í Reykjavík á félagið



Mánatún í Reykjavík. AFL starfsgreinafélag á 12 íbúðir í húsinu.



Mikil hagræðing er fólgin í því að hafa allar íbúðir AFLs í Reykjavík á sama stað.



Íbúðirnar voru teknar í gagnið á síðasta ári og eru vel nýttar.



Íbúðirnar eru snyrtilegar og fallegar.



Rúmar og þægilegar í alla staði.

12 nýjar og glæsilegar íbúðir en á síðasta ári ákvað stjórn félagsins að endurnýja allar íbúðir félagsins í Reykjavík. Sú ákvörðun var tekin eftir að í ljós kom að hægt væri að kaupa íbúðir sem staðsettar væru í sama húsi. Staðsetning íbúðanna við Mánatún er mjög góð með til-liti til þarfa félagsmanna. Það var ansi stór ákvörðun fyrir orlofssjóð, sérstaklega í ljósi þess að sjóðurinn var í fjárfestingum á hús-unum á Einarssstöðum.

Helstu rökin fyrir þessari ákvörðun voru að margar eldri íbúðir AFLs voru komnar á við-haldstíma og svo er ákveðið óhagræði í því að vera með þær út um alla borg. Eldri íbúðirnar voru settar upp í kaupin og fyrri hluti nýju íbúðanna var afhentur í september og sá síðari í desember. Þótt ýmislegt sé enn ófrágengið í húsinu hafa félagsmenn tekið þessum breyt-ingum vel og ánægja með aðbúnað í íbúð-unum. „Við finnum fyrir mikilli ánægju okkar félagsmanna með þennan valkost og íbúðirnar eru nánast fullnýttar allar helgar. Við bjóðum félagsmönnum okkar upp á sólarhrings leigu sem nýtist félagsmönnum okkar vel þegar þeir þurfa að fara til Reykjavíkur eða Akureyrar í hvaða erindagjörðum sem er“ segir Gunnar Smári Guðmundsson, starfsmaður orlofsmála hjá AFLi. Hann segist finna fyrir því að almenn ánægja sé meðal félagsmanna með þá valkosti sem félagsmönnum er boðið upp á og hann segir að sú ánægja fari vaxandi.

Uppbyggingin heldur áfram

Uppbyggingin á Einarssstöðum er fyrir um hundrað milljónir og í Reykjavík nemur fjár-festingin um 230 milljónir. Fjármögnun upp-byggingarinnar er sótt í eigin sjóði AFLs en orlofssjóðurinn veitir um 70 milljónum á ári og skilaði rekstrarafgangi á síðasta ári. Markmiðið er að fjárfestingarnar auki ekki rekstrargjöld orlofssjóðs heldur þvert á móti er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður lækki í Reykjavík vegna þeirrar hagræðingar sem það felur í sér að vera með allar íbúðirnar á sama stað. Einnig er gert ráð fyrir því að með betri nýtingu sumar-húsanna á Einarssstöðum yfir vetrarmánuðina komi auknar tekjur á móti.

„Uppbyggingunni er langt því frá lokið“ segir Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs. Hann segir að íbúðarmálin hjá félaginu séu komin í gott stand en framundan sé viðhald og endurbætur innandyr á orlofshúsum á Einarssstöðum.



Umsóknir fyrir sumarið 2012

Úthlutun

Þann 16. apríl fer fram úthlutun á opnum fundi að Búðareyri 1 á Reyðarfirði. Í kjölfarið verða bréf send til allra hvort sem þeir fengu úthlutað eða ekki.

Staðfesting

Staðfesta þarf og greiða fyrir bústaðina fyrir 20. maí annars verða þeir leigðir öðrum.

Umsóknareyðublöð

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofum AFLs og á heimasíðunni www.asa.is, hægt er að fylla umsóknarblaðið út rafrænt á heimasíðunni og senda í tölvupósti.


Skiptidagar eru á föstudögum

Á leigusamningunum sjálfum eru nánari upplýsingar varðandi komu- og brottfarar-tíma í hverjum bústað.

Engin gæludýr

Heimilisdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum eða á orlofssvæðunum.

Kynntu þér fjölbreytta valkosti AFLs í orlofsmálum á heimasíðu félagsins asa.is.



Til góðra verka!

Ársfundur trúnaðarmanna

Til að taka réttar ákvarðanir þarf réttar upplýsingar. Þetta voru upphafsorð að inngangi að umræðu um velferðarkerfið og landsbyggðina á ársfundi trúnaðarmanna AFLS starfsgreinafélags 30. – 31. mars sl. Framsögumenn voru þeir Hjalti Jóhannesson, landfræðingur og forstöðumaður Rannsóknarþjónustu Háskólans á Akureyri, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ og Sigurður Freysson, varaformaður AFLS. Hjalti fjallaði um velferðarkerfið á landsbyggðinni, áhrif byggðapróunar og fólksfækkunar og samgöngur og aðra þætti sem áhrif hafa á lífsgæðin. Halldór Grönvold fjallaði um tengsl velferðarkerfisins og verkalýðshreyfingarinnar. Sigurður Hólm, sem situr í stjórn Stapa lífeyrissjóðs, fjallaði um skýrslu endurskoðunarnefndar um lífeyrissjóðina og stöðu Stapa.


Eftir framsögur var unnið í hópum og fjallað um ýmis viðfangsefni sem tengjast velferðarmálum og aðkomu verkalýðshreyfingarinnar. Þá var lögð fram athyglisverð skýrsla, Félagsvísar, sem unnin var fyrir Velferðarvaktina og inniheldur margvíslegar upplýsingar í tölum um félagslega stöðu fólks. (http://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyslur2012/Felagsvísar_20022012.pdf)

Er verðtryggingin „stóra“ vandamálið?

Í ljósi háværrar umræðu um endurskoðun lána og „leiðréttingar á lánum“ var rætt um:

- 1. Á hverjum hrúnið hefði helst bitnað varðandi þyngri greiðslubyrði húsnæðislána.
- 2. Hverjir hefðu mesta hagsmuni af flötum almennum niðurskurði lána.
- 3. Og ekki síst – hverjir myndu borga fyrir slíkar aðgerðir.

Í upphafi var meðfylgjandi mynd lögð fyrir fundinn.



Myndin byggir á gögnum Hagstofu Íslands – og skra.is – um meðalfermetravæð þinglýstra kaupsamninga íbúða á höfuðborgarsvæðinu. /salb

Á myndinni sést m.a. að yfirlýsingar um að verðtryggð lán hafi étið upp eigið fé fólks eru beinlínis rangar nema hvað varðar hópa sem keyptu húsnæði á hámarki fasteignabólunnar. Þá sést einnig að allt frá 1990 – en línuritid nær ekki aftar, hafa aðstæður verið húsnæðiskaupanda hagstæðar, sérstaklega eftir 1995 – en síðan þá hefur launavísitala alltaf hækkað umfram verðbólgu – þ.e. verðtryggingu – og fasteignaverð hefur farið hækkanandi talsvert umfram bæði launavísitölu og verðtryggingu – að undanskildu sjálfru bankahruninu. Ástæða þessarar umræðu er m.a. kröfur ákveðinna hópa um að eignir lífeyrissjóðanna verði nýttar til að lækka húsnæðisskuldir fólks og félagsmenn AFLS hafa skiljanlega áhyggjur af lífeyriseign sinni

og mögulegum skattahækkunum til að mæta slíkum skuldaniðurfellingum svo og áhrifum á velferðarkerfið.

Í skýrslunni Félagsvísar kemur m.a. fram að greiðslubyrði fólks sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hefur ekki breyst til muna við bankahrunið nema hjá allra tekjuhæsta hópnum en þar hefur greiðslubyrði tvöfaldast – farið úr um 9% í tæp 20% ráðstöfunartekna. Samt sem áður er greiðslubyrði þessa hóps vegna húsnæðislána lægst allra tekjuhópa en tekjulægsta fólkið eyðir um 30 – 40% ráðstöfunartekna í greiðslur húsnæðislána.

Eftir að fólk hafði kynnt félagsvísinn varð helsta niðurstaðan að þeir tekjuhæstu myndu hagnast langmest á almennri skuldalækkun en almennt launafólk myndi borga brúsann – ýmist með sköttum framtíðarinnar, skertri velferðarþjónustu eða með lækkun lífeyriseignar.


Efni úr umræðum vinnuhópa:

Trúnaðarmenn AFLS töldu að verkalýðshreyfingin hefði mikilvægu hlutverki að gegna í velferðarkerfinu og væri að mörgu leyti betur treystandi en stjórnvöldum þar sem efndir velferðar væru oft ekki í samræmi við loforð. Sérstaklega var fjallað um sjúkrasjóði verkalýðsfélaganna og enn fremur fjallað um fyrirhugaða yfirtöku AFLS á málefnum atvinnulausra á Austurlandi.

Trúnaðarmenn AFLS töldu að verkalýðshreyfingin hefði mikilvægu hlutverki að gegna í velferðarkerfinu og væri að mörgu leyti betur treystandi en stjórnvöldum þar sem efndir velferðar væru oft ekki í samræmi við loforð.

Fundarmenn töldu að verkalýðshreyfingin hefði góða ímynd meðal almennings en að fjölmiðlar og ofurbloggarar hefðu farið fram gegn Alþýðusambandinu og forseta þess af miklu offorsi og oft óverðskuldað. Á það var og bent að forseti Alþýðusambandsins hefur m.a. það hlutverk að vera talsmaður hreyfingarinnar og stundum að flytja skilaboð sem kæmu sér illa fyrir tiltekna þjóðfélagshópa – sem þá svöruðu af grimmd. Einn hópurinn vakti sérstaklega athygli á eignarhaldi fjölmiðla og ritstjórn; hvort það væru hagsmunir almennings og launafólks sem stýrðu umræðunni og efnistöknunum eða hagsmunir þeirra sem umræðunni stjórna og benti á að sennilega væru margir „álitsgjafar“ fjölmiðla í þeirri stöðu að tekjur þeirra hefðu lækkað til muna við bankahrunið og það væri farið að hafa áhrif á lífsstíl þeirra.

Hópurinn fullyrti að viðhorf almenns launafólks til verkalýðshreyfingarinnar væri miklu jákvæðara en umræða fjölmiðla gefur til kynna – og kemur



Ársfundur trúnaðarmanna

Það heim og saman við viðhorfskannanir AFLs og fleiri félaga innan SGS. Einn hópurinn fjallaði sérstaklega um velferðarkerfi og landsbyggðina og voru þrír málaflokkar þar helstir – samgöngur – almenningssamgöngur og heilbrigðisþjónusta. Það kom skýrt fram hjá hópnum að samgöngumál eru helsta hindrun í þjónustu – og að þegar þjónusta er færð til eða sameinuð milli byggðarlaga verða samgöngubætur að fylgja þannig að aðgengi að þjónustunni versni ekki umfram það sem nauðsynlegt er.

Efnahagsörðugleikarnir hafa haft jákvæð áhrif að því leyti að fólksflutningar eru minni af landsbyggðinni að mati fundarmanna. Þá kom fram að þrátt fyrir almennan niðurskurð eru ýmsir þættir velferðarkerfisins ekki síðri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu – og þá sérstaklega vegna fámennis og nálægðar og var sérstaklega fjallað um leikskólamál og læknavakt – þar sem læknir yfirhöfuð er til staðar.

Þá var rætt um hlutverk Alþýðusambandsins í baráttunni fyrir velferðarkerfinu og varð m.a. niðurstaða að launafólk er langt í frá einsleitur hópur og með mjög mismunandi hagsmuni. Trúnaðarmennirnir fjölluðu sérstaklega um að Alþýðusambandið með verkafólk í fararbroddi hefur tekið baráttuna fyrir mörgum merkilegum velferðarmálum en aðrir hópar svo

fylgt á eftir og fengið afkrasturinn án þess að leggja neitt til vinnunnar. Það var rætt á meðal trúnaðarmanna hvort Alþýðusambandið og aðildarfélög þess ættu að leggja áherslu á uppbyggingu á velferðarþjónustu fyrir félagsmenn aðildarfélaganna í stað þess að allt það sem félögin berjast fyrir verður svo að almannajónustu. Var og á það bent að það leiddi til þess að fjölmargir gerðu sér ekki grein fyrir frumkvæði og baráttu félaga ASÍ því stjórnvöld á hverjum tíma væru síðan farin að skreyta sig með fjöðrum verkalyðshreyfingarinnar.


Á ársfundi trúnaðarmanna var ekki unnin ályktun heldur áhersla lögð á umræður í hópum þar sem frummælendur gengu milli hópa og svöruðu spurningum. Í lokin voru pallborðsumræður sem formaður AFLs Hjördís Þóra stýrði og voru þeir Halldór Grönvold og Hjalti Jóhannesson fyrir svörum og hópurinn allur ræddi það sem kom frá umræðuhópum.

Þá kom fram að þrátt fyrir almennan niðurskurð eru ýmsir þættir velferðarkerfisins ekki síðri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu – og þá sérstaklega vegna fámennis og nálægðar og var sérstaklega fjallað um leikskólamál og læknavakt – þar sem læknir yfirhöfuð er til staðar.

Ársfundurinn var vel heppnaður þó svo að oft hafi hann verið betur sóttur en um 36 trúnaðarmenn félagsins sóttu fundinn af um 100 trúnaðarmönnum. Hótelíð á Hallormsstað tók vel á móti fundargestum og var aðbúnaður og aðstaða öll til fyrirmyndar.

Hverjir stýra umræðunni?


Á ársfundi trúnaðarmanna AFLs sem haldinn var fyrir skömmu var m.a. rætt um kröfur ákveðinna hópa um að lífeyrissjóðir landsmanna tækju að sér að niðurgreiða húsnæðislán fólks vegna „forsendubrests“ m.a. vegna verðtryggingar. Í grafi sem sjá má í umfjöllun um ársfundinn kemur skýrt fram að versnandi skuldastaða verður ekki rakinn beint til verðtryggingar nema þá helst vegna



skulda þeirra sem keyptu íbúðir á hátindi fasteignabólunnar. Önnur mynd var einnig sýnd á ársfundinum og gefur hún kannski einhverja hugmynd um slæma fjárhagstöðu heimila í landinu. Á fundinum kom einnig fram að skv. gögnum frá RSK og Hagstofunni hefur sá hópur sem helst hefur orðið fyrir kjaraskerðingu og hækkun greiðslubyrði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, er tekjuhæsti hópurinn eða sá hópur sem hefur 500 þús. og meira til ráðstöfunar á mánuði pr. einstakling eftir skatta. Því vaknaði sú spurning á ársfundinum – hverjir stjórna umræðu fjölmiðla og ofurbloggara?

Hætta á raunverulegri fátækt

Á ársfundi trúnaðarmanna AFLs fyrir skömmu var m.a. kynntur félagsvísir Velferðarvaktarinnar en vaktinni var m.a. komið á að kröfu ASÍ í kjölfar bankahrunsins. Á meðfylgjandi grafi má sjá hversu stórt hlutfall þjóðarinnar það er sem hefur minna en 60% miðgildis ráðstöfunartekna og því í áhættuhóp hvað varðar raunverulega fátækt – þ.e. að eiga ekki fyrir brýnustu nauðpurftum.



Trúnaðarmennirnir töldu að á landsbyggðinni væri hættan á einkennum fátæktar eitthvað minni en í Reykjavík – m.a. af því að öryggisnet fjölskyldna væri sterkara og nálægð meiri. Helstu áhættuhópar varðandi fátækt eru einstæðar mæður og einhleypir karlar.

Frekari upplýsingar á http://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Felagsvisar_20022012.pdf

Kvótafrumvarpið bitnar harðast á Fjarðabyggð

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Sýldarvinnslunnar (SVN), boðaði á miðvikudaginn sl. áhöfn Barðans á fund á skrifstofu fyrirtækisins í Neskaupstað. Efni fundarins var umræðan um verðlagningu uppsjávar- og bolfskisafla fyrirtækisins og nýframlagt kvótafrumvarp. Gunnþór bauð Austurglugganum að vera viðstaddur á fundinum.

Sala aflla frá skipi SVN til skoðunar hjá Seðlabankanum

Gunnþór hóf fundinn á því að fara yfir verðlagsmál fiskafurða á fundinum vegna þeirra umræðu sem hefur átt sér stað í fjölmiðlum og þjóðfélaginu að undanförmu í kjölfar húsleitar Seðlabankans hjá Samherja í Reykjavík og á Akureyri. Austurglugginn hefur heimildir fyrir því að á meðal þeirra gagna sem Seðlabankinn hefur til skoðunar séu söluverðmæti aflla frá skipi SVN. Samherji á stóran hlut í SVN. Samkvæmt þeim heimildum blaðsins var seldur karfi af skipi eða skipum SVN árið 2008 fyrir 130 kr./kg. þegar meðalverð var 225 kr./kg.

Óttast ekki rannsókn

„Ég fullyrði það að sjómenn SVN eru ekki hlunnfærðir og við erum að standa við alla okkar samninga“ sagði Gunnþór á fundinum. Hann sagðist ekki óttast rannsókn Seðlabankans enda hafi fyrirtækið verið með allt upp á borðinu. „Varðandi verðlagningu uppsjávarfiska þá hafa forsvarsmenn sjómanna séð sölusamninga og gögn er varða verðlagningu þeirra. Trúnaðarmaður sjómanna hefur aðgang að þessum gögnum á skrifstofu félagsins, þessi gögn eru ekki í neinum lokuðum skúffum. Ég átta mig ekki á yfirlýsingum sjómannaforystunnar enda er hún ekki í neinu sambandi við sjómenn Sýldarvinnslunnar“ sagði Gunnþór. Á fundinum birti Gunnþór allar sölur

á karfa frá Bjarti frá árinu 2007, bar þær saman við verð á mörkuðum hér heima sama dag. Niðurstaðan er sú að viðskipti félagsins við Ice Fresh eru að skila meira en 15 milljónum á þessu tímabili. „Varðandi samanburð á markaðsverði í Þýskalandi þá erum við með kostnað við að fara með karfa til Þýskalands uppá 60 – 80 kr./kg sem dregst frá verðum í Þýskalandi. Ef menn skoða löndunartölur á Bjarti sjá menn að þetta er meðafli og lítið

hann fór yfir frumvarp um stjórn fiskveiða og frumvarp um veiðigjöld.

Munum þurfa leggja togara og hætta sjófrystingu (Munu segja upp 25 til 30 sjómönnum nái frumvarpið fram að ganga)

Frumvarpið um veiðigjöld er ekkert annað en stórfelld skattlagning að mati Gunnþórs. Afleiðingin er lokun á getu fyrirtækisins til fjárfestinga og

Austurglugginn hefur heimildir fyrir því að á meðal þeirra gagna sem Seðlabankinn hefur til skoðunar séu söluverðmæti aflla frá skipi SVN. Samherji á stóran hlut í SVN. Samkvæmt þeim heimildum blaðsins var seldur karfi af skipi eða skipum SVN árið 2008 fyrir 130 kr./kg. þegar meðalverð var 225 kr./kg.

magn sem er ekki verið að senda eitt og sér á Þýskaland. Við verðum að bera saman rétta hluti í samanburði eins og þessum. Ég er ekkert hræddur við þennan samanburð og er tilbúinn að setjast niður með hverjum sem er og fara yfir þetta“ sagði Gunnþór.

Austurglugginn fékk það staðfest frá Sverri Mar Albertssyni, framkvæmdastjóra AFLs starfsgreinafélags, að engin kvörtun hefði borist til AFLs frá starfsfólki SVN vegna meintra brota gegn áhafnarmeðlimum vegna söluverðs karfa eða verðlagningu uppsjávarfiska.

Excel mistök

„Auðlindagjaldið er algjört yfirskot menn hljóta að hafa gert eitthver Excel (töflureiknir) – mistök þar. Það er stórmerkilegt að frumvarpið hafi verið lagt fyrir stjórnarflokkka á sunnudegi og þingmennirnir afgreitt þetta deginum eftir þ.e. strax á mánudegi. Við sem störfum í sjávarútvegi höfum legið yfir þessu frumvarpi í nokkra daga og reiknað út afleiðingar og það er ekkert auðvelt verk og tekur mun lengri tíma en einn dag. Ég get því lofað ykkur því að þessir þingmenn stjórnarflokkanna sem samþykktu þetta út úr þingflokkinum hafa ekki gert sér grein fyrir hvað þeir voru að setja inn í þingið og ég efast um að þau hafi enn gert sér grein fyrir afleiðingum frumvarpanna ekki nema örfáir“ sagði Gunnþór þegar

endurnýjunar segir Gunnþór sem vill ekki taka svo stórt til orða að fullyrða að SVN fari á hausinn við þetta en það er „sökum þess að við erum með skuld lítið félag með ábyrgan rekstur.“ Sýldarvinnslan hefur fjárfest mikið á síðustu árum bæði í vinnslu uppsjávarfiska í landi og eins í skipum.

„Við verðum að bera saman rétta hluti í samanburði eins og þessum. Ég er ekkert hræddur við þennan samanburð og er tilbúinn að setjast niður með hverjum sem er og fara yfir þetta“ sagði Gunnþór.

„Framþróun mun halda áfram og ég tel að það sé tækifæri til ennfrekari verðmætasköpunar úr okkar heimildum, en það krefst fjármagns til þróunarstarfs, uppbyggingar og endurnýjunar, það er allt tekið og meira til í þessum hugmyndum um veiðigjald. Auðlindagjaldið mun bitna á fyrirtækjum hér í Fjarðabyggð, sjómönnum og samfélaginu í heild sinni“ segir Gunnþór sem segir það rakið til þeirrar óhóflegu skattlagningar sem hér um ræðir. „Það er verið að leggja herra veiðigjald á uppsjávarfisk, það gefur auga leið að það mun bitna harðast á Fjarðabyggð þar sem mestum uppsjávarafla er landað þar.“ Hvað leigupott, byggðapott og kvótaþing varðar segir Gunnþór að „þetta sé tilflutningur á heimildum á milli kjördæma og sveitarfélaga og það er verið að færa íslenskan sjávarútveg mörg ár aftur í tímann, samkeppnishæfni hans er skert og til lengri tíma lítið tel ég að þjóðin muni tapa á þessu. Hann segir að fyrirtækið muni þurfa að leggja einum togara og afleiðingin verði sú að það þurfi að segja upp 25 – 30 sjómönnum verði frumvarpið að lögum.



Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri SVN.

Geta ekki skorast undan

Á síðastliðnu fiskveiðiári lagði SVN um 250 þorskígildistonn í potta og það fer upp í 1300 þorskígildistonn miðað við þær tölur sem Gunnþór lagði fyrir fundarmenn. Hann sagði að þeir þingmenn kjördæmisins sem samþykktu þetta frumvarp úr stjórnarflokkinum geti ekki látið sér þessar tölur koma sér á óvart. „Við fórum yfir þetta með þeim og sýndum þeim þetta svart á hvítu í tengslum við fyrri fiskveiðistjórnunarfrumvarpið. Ég sendi þeim þessi gögn þannig að þetta er meðvituð ákvörðun hjá þeim og þeir geta ekki skorast undan því“ segir Gunnþór.

Skerðing aflahlutdeildar Fjarðabyggðar, ef frumvarpið verður að lögum, samkvæmt útreikningi útgerðarmanna í Fjarðabyggð fer úr 630 þorskígildistönnum frá sl. fisk-

veiðiári í 2400 á næsta fiskveiðiári. Þá nemur skerðingin 12.300 tonnum í uppsjávarfiski.

„Þetta er þung og erfið umræða því fiskurinn er sameign þjóðarinnar og þetta snýst um það að fólkið í landinu fái sem mestan arð af auðlindinni með þessari framlagningu er ekki stigið skref í þá átt“ sagði Gunnþór sem tók það fram á fundinum að það sé eðlilegt að menn setjist niður og ræði málin og komist að sameiginlegri og hófsamri niðurstöðu hvað varðar veiðigjald, „en eftir stendur að ég hef áhyggjur af þessari skerðingu. Það eru sóknarfæri í íslenskum sjávarútvegi, það er uppsöfnuð fjárfestingarþörf í skipum og búnaði við megum ekki skerða greinina það mikið að tækifæri glattist. Sú grein sem er líklegust til fjárfestinga á landsbyggðinni er sjávarútvegurinn. Ég treysti því að frumvörpin muni fá málefnalega umræðu í nefnd og á þinginu. Við verðum að treysta því að þingmenn muni bera gæfu til að sníða þessu afmarka af þeim og að sjávarútvegurinn fari að fá frið, því þessi umræða og boltaleikur með fjörlegg þjóðarinnar er nú þegar búin að skaða okkur nóg.“



Gunnþór segir sjómenn SVN ekki hlunnfærða í tengslum við söluverðmæti karfa.

Aðalfundur ferðamála- samtaka Austurlands

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Austurlands fór fram skömmu fyrir páska og að honum loknum héldu í félagsmenn í ferðapjónustu á Austurlandi síðbúna göguleði á Eskifirði. Dána Mjöll Sveinsdóttir hjá Tanna Travel var kosin formaður og tekur hún við formennsku af Skúla Birni Gunnarssyni. Fjölmenni var á fundinum og í gleðinni um kvöldið sem haldin var í Randulffssjóhúsi voru afhentar viðurkenningarnar Frumkvöðullinn og Kletturinn sem um árabíl hafa verið afhentar ferðapjónustuaðilum á Austurlandi. Að þessu sinni var það Ferðapjónustan Álfheimar á Borgarfirði eystra, stofnuð 2008, sem hlaut Frumkvöðulinn fyrir „uppbyggingu sína á heildstæðri ferðapjónustu sem miðar að því hafa gestina sem dveljast í nokkra daga á Borgarfirði og nágrenni og upplifa náttúru og mannlíf svæðisins“ segir í fréttatilkynningu samtakanna. Það voru þau Arngrímur Viðar Ásgeirsson og Þórey Sigurðardóttir sem tóku við verðlaunum en þau eiga og reka fyrirtækið í samvinnu við foreldra Arngríms. Kletturinn er veittur ferðapjónustuaðilum sem „lengi hafa staðið í framlínu ferðapjónustu á Austurlandi. Kletturinn fór þetta árið til Farfuglaheimilisins í Húsey sem Örn Þorleifsson hefur rekið allt frá 1981 og jafnlengi eða lengur lagt sitt af mörkum við að glæða áhuga erlendra ferðamanna á Austurlandi. Örn tók við viðurkenningunni ásamt

Laufeyju Ólafsdóttur en þau reka ferðapjónustan í Húsey þar sem meðal annars er hægt að stunda selaskoðun á hestbaki.“

Í aðalstjórn með formanni voru 7 í framboði til stjórna en eftirtaldir náðu kjöri:

Albert Jensson
Jóhann Jónsson
Hákon Guðröðarson
Sævar Guðjónsson

Á aðalfundinum voru samþykktar eftirfarandi ályktanir:

Vilja aukna þjónustu yfir vetrartímann

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Austurlands haldinn á Eskifirði 30. mars 2012 beinir því til samgönguyfirvalda að auka þjónustu á þjóðvegum á Austurlandi yfir vetrartímann. Umferð erlendra ferðamanna að vetri hefur aukist undanfarin ár og mun koma til með að aukast enn meira, m.a. vegna átaksins Ísland allt árið. Sú skerðing sem orðið hefur síðustu ár í vetrarþjónustu á Austurlandi hefur þegar haft neikvæð áhrif á umferð ferðamanna. Því skorar aðalfundurinn á yfirvöld samgöngumála að veita auknu fé í vetrarþjónustu.

Hækkanir vinna gegn áætlunum og yfirlýsingum stjórnvalda

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Austurlands haldinn á Eskifirði 30. mars 2012 hvetur stjórnvöld til þess að taka tillit til hagsmuna

ferðapjónustunnar við ákvarðanir sínar sem varða boðaðar hækkanir á opinberum gjöldum á flugsamgöngur. Það liggur fyrir að nú þegar hafa há flugfargjöld umtalsverð áhrif á ferðabegðun innlendra og erlendra ferðamanna. Frekari hækkanir á kostnaði fólks við að ferðast um landið munu hafa í för með sér efnahagslegan samdrátt fyrir atvinnugreinina og draga úr þeim vexti sem verið hefur síðustu ár. Slíkt gengur þvert á áætlanir stjórnvalda og yfirlýsingar um að efla ferðapjónustu allt árið – um allt Ísland.

Vilja ná fram betri dreifingu ferðamanna

Aðalfundur Ferðamálasamtaka Austurlands haldinn á Eskifirði 30. mars 2012 hvetur yfirvöld ferðamála til að stuðla með markvissum aðgerðum að betri dreifingu ferðamanna um landið og standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið með áttakinu Ísland – allt árið.



Kletturinn 2012 – Farfuglaheimilið í Húsey. Laufey ásamt Erni.



Frumkvöðullinn 2012 – Ferðapjónustan Álfheimar á Borgarfirði eystra, Þórey og Arngrímur Viðar.



Matvæladagurinn og aðalfundur Austfirskra krása fimmtudaginn 26. apríl á Hótel Héraði, Egilsstöðum kl. 16:00

Austfirskar krásir boða til kynningar á matvælaframleiðslu á Austurlandi í tengslum við aðalfund sinn. Þar munu matvælaframleiðendur kynna sig og sínar afurðir. Forsvarsmenn mótuneyta og veitingastaða eru boðnir sérstaklega velkomnir!

Dagskrá:

- 16.00 - Aðalfundur - Hefðbundin aðalfundarstörf
- 17.00 - Opnun - Stefán Bogi Sveinsson
- 17.10 - Matis - hagræn áhrif af staðbundnum viðskiptum
- 17.30 - 19.00 - Kynning matvælaframleiðenda á Austurlandi

Hótel Hérað mun bjóða upp á matseðil um kvöldið þar sem austfirskt hráefni gegnir lykilhlutverki!

Skráning og nánari upplýsingar hjá Austurför (Ingibjörg eða Magnfríður), austurfor@austurfor.is sími 471-3060.



Saumastofa Höllu Austurvegi 19
Reyðarfirði
Sími 4741242 / 8929275

*Allar merkingar í fatnað
sængurfatnað og handklæði.*

Íbúar á veitusvæði
Hitaveitu Egilsstaða og Fella
greiða lágan húshitunarkostnað
Gerið verðsamanburð

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir
landslagsarkitekt verður á Reyðarfirði
fimmtudaginn 10. maí og veitir
viðskiptavinum BM Vallá ráðgjöf
og aðstoð við mótun hugmynda
og útfærslu.

Ráðgjöfin er án endurgjalds
til 1. júní en eftir það eru
greiddar 6.000 kr. fyrir ráðgjöfina.
Ef viðskiptavinur kaupir svo vörur
til framkvæmdanna hjá BM Vallá
fæst ráðgjöfin endurgreidd.

Pantaðu tíma hjá
söludeild BM Vallá á Akureyri
í síma 412 5203 / 412 5204
eða ivar@bmvalla.is



Frí landslagsráðgjöf

á Reyðarfirði 10. maí



PRATNA - SA 121132

BM Vallá ehf.
Austursíðu 2
603 Akureyri

Sími: 412 5203
Opin mán.–fös. kl. 8–17
sala@bmvalla.is

www.bmvalla.is



FÁÐU UPPLÝSINGAR OG TILBOÐ Á WWW.DEKKJAHOLLIN.IS

SUMARDEKKIN ERU KOMIN Í HÚS
MARANGONI




YOKOHAMA

Yokohama sumardekk
LOKSINS fáanleg á Íslandi



**KYNNTU ÞÉR TILBOÐSPAKKANA
OKKAR Á WWW.DEKKJAHOLLIN.IS**

Skeifunni 5 581 3002 	Skútuvogi 12 581 3022
Akureyri Draupnigötu 5 462 3002 	Egilsstaðum Þverklettum 1 471 2002
Hjólbarðabjónusta Smurbjónusta Þvottur og bán	



DEKKJAHÖLLIN

REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI



Samtök um líknarmeðferð

Áhugavert námskeið Lífsins

Lífið, samtök um líknarmeðferð heldur sitt árlega námskeið 27. apríl nk. í safnaðarheimili Háteigskirkju í Reykjavík.

Yfirskrift námskeiðsins er:

Við sjálf í samskiptum við sjúklinga og aðstandendur.

Fyrirlesarar eru:

· Arnlaug Björg Hálfðanardóttir *hjúkrunarfæðingur B.Sc og meistari í heimspekilegri markþjálfun frá Copenhagen Coaching Center* Traust og nærvera í samtalinu; að mæta sjúklingnum þar sem hann er.

· Sigríður Halldórsdóttir *doktor í hjúkrunarfræðum prófessor á heilbrigðisviði í Háskólanum á Akureyri.*

Tilvistarfærni: lykilþáttur umönnunnar í líknarþjónustu

Námskeiðið er ætlað heilbrigðisstarfsfólki og er áherslan að þessu sinni á að styrkja starfsmanninn sjálfan.

Skráning stendur yfir á vef samtakanna www.lsl.is og þar má sjá dagskrána í heild.



Íslensk hönnun · Íslensk framleiðsla

„Ég vel íslenskt...“
- Jói Fel

Komdu í sýningarsali okkar og fáðu faglega þjónustu og ráðgjöf innanhússarkitekta við val á Brúnás innréttingum

FRÍR FLUTNINGUR
Hvert á land sem er*

* Flytjandi flytur vöruna á þá stöð sem næst er viðskiptavini

www.brunas.is

innréttingar

Glæsilegir tónleikar

Í dymbilvikunni héldu þrír ungir Austfirðingar þrenna tónleika á Austurlandi, í heimabyggð hvers og eins.

Hákon Hansson, tónlistarunnandi frá Breiðdalsvík, hefur dálæti af klassískri tónlist og Austurglugginn fékk hann til þess að fjalla um tónleikana, *Þrír klassískir Austfirðingar*, sem haldnir voru á Stöðvarfirði, Norðfirði og á Egilsstöðum í upphafi mánaðarins. Gítarleikarinn Svanur Vilbergsson, söngkonan Erla Dóra Vogler og flautuleikarinn Hildur Þórðardóttir komu fram á tónleikunum og ekki er annað að sjá en að þeim hafi verið vel tekið.

Hákon Hansson skrifar:

Ég skellti mér á fyrstu tónleikana sem fram fóru á Stöðvarfirði þann 3. apríl sl. og varð sannarlega ekki fyrir vonbrigðum. Tónlistarmennirnir eru Svanur Vilbergsson, gítarleikari frá Stöðvarfirði, Erla Dóra Vogler, messósópransöngkona frá Egilsstöðum og Hildur Þórðardóttir, flautuleikari frá Neskaupstað. Tónleikarnir á Stöðvarfirði fóru fram á óvenjulegum stað, í frystiklefa gamla frystihússins, en klefinn hefur verið lagfærður og reyndist hið ágætasta tónleikahús.

Hljómburðurinn var góður og ekki truflaði að ráði að salurinn væri hrár að innan og þarna væri dálítið kalt. Búið var að koma fyrir sófum og stólum og mættir voru yngri sem eldri tónleikagestir, líklega um 40 manns, sá yngsti nokkurra mánaða gamall. Fyrir minn smekk var óþarflega mikið ráp á sumum gestanna eftir að tónleikar hófust og jafnvel í miðjum lögum, sem vissulega getur truflað flytjendurna.

Skemmst er frá að segja að leikur og söngur þeirra þriggja var glæsilegur og hin ágætasta skemmtun. Ég hef áður heyrt þau Svan og Erlu Dóru leika og syngja, en Hildur Þórðardóttir kom mjög á óvart með einstaklega faguðum en þó hljóm-miklum flautuleik. Ljóst er að þar fer listamaður í fremstu röð og er vonandi, að hún fái verkefni við hæfi hér fyrir austan, en hún er nú búsett í Neskaupstað.

Svanur er einn af bestu klassísku gítarleikurum landsins og var hrein unun að hlusta á leik hans, sem var í hæsta gæðaflokki. Sama má segja um Erlu Dóru, messósópranrödd hennar er flauelsmjúk og mjög hljómfögur, mér finnst henni hafa farið mikið fram síðan

ég heyrði hana syngja síðast, sem var á Egilsstöðum meðan hún var enn í söngnámi í Vínarborg.

Dagskráin var mjög skemmtileg, að mestu byggð upp á spænskri og argentínskri tónlist.

Vonandi fáum við fljótt aftur að heyra til þessara frábæru listamanna og hvet ég forsvarsmenn sveitarfélaga á Austurlandi og aðra til að muna eftir þeim og leita ekki langt yfir skammt þegar halda á hátíð.

Takk fyrir mig.

Hákon Hansson



Ljósmyndir/ Jason Slade
Svanur Vilbergsson, Erla Dóra Vogler og Hildur Þórðardóttir

Ljósmyndir/ Jason Slade
Vel sóttir tónleikar í frystiklefa gamla frystihússins á Stöðvarfirði.



SKÓRNIR KOMNIR

Ten Star Vintage
Stærðir 40 – 47.
Kr. 18.990.-

Miss Stadil Mid
Stærðir 36 – 41.
Kr. 18.990.-

Venice Low
Stærðir 36–41 .
Kr. 14.990.-

sentrum
Kaupvangi 3 - 700 Egilsstöðum
Sími 471 2412

Jarðgöng

Forgangsroðun?

Fjarðarheiði bíður og bíður enn

Margt hefur verið sagt og fært á prent um jarðgöng, forgangsroðun og þýðingu þeirra fyrir nærliggjandi byggðir landshluta og þjóðina síðustu árin. Skoðanir og áherslur eru mismunandi og fara þá ekki alltaf saman eftir því hvar í landshlutum einstaklingar búa sem þær setja fram. Eitt eru menn þó sam-mála um og það er að jarðgöng í gegnum fjöll við t.d. þéttbýli sem losa umferð yfir erfiða fjallvegi er nauðsynleg og þjóðhagslega hagkvæm. Jarðgangagerð á Íslandi þó ung sé hefur sýnt fram á að svo er. Eftirspurn eftir nýjum jarðgöngum er meiri á Íslandi en framboðið og því þarf að huga vel að öllum aðstæðum skoða söguna og gæta réttlætis í umræðu og athöfnum á leiðinni að niðurstöðu þegar kemur að forgangsroðun. Á það finnst mér lengi hafa skort. Undirritaður er mikill áhugamaður um jarðgangagerð, hef fylgst vel með umræðu og skrifum og var hér áður fyrr nátengdur og þátttakandi í ýmsum vinnuhópum og nefndum sem fjölluðu um hana, sérstaklega varðandi Austurland. Var m.a. þátttakandi í sögulegri ferð sveitarstjórnarmanna Vestfirðinga og Austfirðinga ásamt fulltrúum Vegagerðar og Bygðastofnunar til Færeyja 1986 sem farin var til að kynna sér sérstaklega og skoða jarðgangagerð frænda okkar þar í landi. Að lokinni þeirri ferð var gert sögulegt „*heiðursmannasamkomulag*“ sveitarstjórnarmanna sem kvað á um að Vestfirðingar og Austfirðingar gerðu með sér samkomulag um að standa saman og styðja hvor annan í baráttunni fyrir jarðgangagerð í landshlutunum. „Vestfjarðagöng (Botnsheiði og Breiðadalsheiði) væru næstu göng og strax í kjölfarið Austfjarðagöng (Fjarðarheiði og Oddsskarð).“ Vestfirðingar og Austfirðingar og margir áhugamenn um vegagerð, sem ég þekki til, hafa horft til vilja samkomulagsins og virt. Minnisstæð er ráðstefnan „Byrjum að bora“ sem haldin var á Seyðisfirði 28. maí 1988. Samgönguráðherrarnir seinni ára sumir, ekki allir, hafa lítið gert með samkomulagið og bent m.a. á að svona samþykktir, þó að bak við þær standi heiðursmenn heilla landshluta, binda ekki hendur ráðherra. Reynslan sýnir að það er víst rétt. Í skrifum nokkurra

einstaklinga um jarðgöng og forgangsroðun þeirra nú nýverið er vitnað í þetta samkomulag svo það virðist lifa og er það vel.

Sagan og efndirnar: Ef sagan og síðan efndirnar eru skoðaðar og settar í samhengi þá eru staðreyndirnar þessar; Skýrsla nefndar um jarðgangaaætlun 1987 (1), sem síðan var samþykkt og fylgt eftir með fjárveitingum og í vegaaætlun (2) og langtímaáætlun (3) næstu ára, lagði til að þau byggðarlög sem tengjast um eftirtalda fjallvegi eigi að hafa forgang við jarðgangagerð og röð verkefna þannig: 1. Ólafsfjarðarmúli 2. Botnsheiði og Breiðadalsheiði. 3. *Fjarðarheiði og Oddsskarð*. Fjárveitingar til Austfjarðaganga voru á vegaaætlun allt frá 1989 og sérstaklega tilgreint að þar sé miðað við göng sem *leysi vetrareinangrun Seyðisfjarðar og Norðfjarðar* (4). Að loknum greiðslum við Vestfjarðagöng (1998) átti að hefja framkvæmdir við Austfjarðagöng. Framkvæmdir við Ólafsfjarðarmúla hófust 1988 og lauk 1990 og við Breiðadals- og Botnsheiði á Vestfjörðum 1991 – 1995. Ekkert bolar enn árið 2012 á framkvæmdum á Fjarðarheiði og í Oddsskarði. Fjarðarheiðargöng virðast alveg hafa gleymst og tröllum týnd en Oddsskarðsgöng sem nú heita Norðfjarðargöng eru í gildandi samgönguáætlun 2009 – 2012. Þar er nær allt klárt til að byrja að bora en þá bregður svo við að ekki á að standa við að hefja þar framkvæmdir eins og gildandi samgönguáætlun kveður skýrt á um. *Víð Austfirðingar erum ekki sáttir við það hik og þrýstum því ákveðið á stjórnvöld um að endurskoða ákvörðun sína og hefjast nú þegar handa við göngin* eins og skrifað stendur. Á eftir Oddsskarðsgöngum á Austurlandi er gert ráð fyrir (í gildandi áætlun) að hefja framkvæmdir við Dýrafjarðargöng á Vestfjörðum. *Heiðursmannasamkomulagið* er því lifandi. „En er þá ekki næst komið að Fjarðarheiðargöngum á Austurlandi. Eða eiga þau að bíða enn um sinn og ef svo er þá af hverju?

Einn hæsti fjallvegur að og frá byggð á Íslandi: Fjarðarheiði er fjallvegur á milli Héraðs og Seyðisfjarðar um 25 km. Hann teygir sig upp í 620 metra hæð og eru alls 10 km. af



leiðinni í yfir 600 metrum. Hann er því skiljanlega oft erfiður yfirferðar, sérlega í vetrarveðrum, og uppfyllir alls ekki ásætlanlegar öryggiskröfur. Hann er eina akfæra leiðin að og frá Seyðisfirði og sem slíkur eini áætlunar- tengivegur Íslands við Evrópu og svo hefur verið í um 37 ár, en siglingar Smyril-Line hófust sumarið 1975. Nú þegar þetta er sett á blað 10. apríl er Fjarðarheiðin þungfær en Norræna sem kemur nú vikulega allt árið um kring er að leggjast að bryggju. Vöruflutningar eru ört vaxandi þjónustupáttur. Fjarðarheiði og Seyðisfjarðarhöfn færa Íslandi tugi þúsunda ferðamanna árlega sem flestir hafa lengri viðdvöl í landinu okkar en aðrir ferðamenn þar sem þeir m.a. fara akandi hringveginn um landið. Höfnin er einnig öflug móttökuhöfn skemmtiferðaskipa sem nú fjölga ört komu sinni og stefnir í metfjölda á komandi sumri. Mjög góð hafnaraðstaða í landi er nú þegar til staðar til móttöku skemmtiferðaskipa. Miðað við árlega umferð ferðamanna inn og út úr landinu um höfnina á Seyðisfirði lætur nærri að sá fjöldi fylli eina Boeing flugpotu hvern virkan dag allt árið um kring. *Þegar siglingar hófust með gamla Smyrli til Seyðisfjarðar sumarið 1975* var eðlilega mikið rætt um nauðsyn á bættum samgöngum/jarðgöngum til Héraðs/Egilsstaða. Um það var sérstaklega rætt við íslensk samgöngufyrirvöld á þeim tíma. Bjartsýni ríkti og gælt var við að eftir 10 – 15 ár gætu þau komið til. Jarðgöng til Norðfjarðar um Oddsskarð voru þá í undirbúningi og lauk þeim framkvæmdum 1977. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir Seyðisfirðinga og stuðningsmanna í gegnum árin um nauðsyn þess að hefjast handa hafa þær óskir ætíð verið settar til hliðar og m.a. vikið fyrir öðrum. Mál er að linni.

Fjarðarheiðargöng fyrir þjóðina: Er ekki röðin nú komin að Fjarðarheiðargöngum fyrir þjóðina? Jú rétt er það þau kosta mikla fjármuni, eins og aðrar jarðgangaf framkvæmdir sem þegar eru að

baki og framundan eru. Sagt er að árlegar tekjur ríkisins af umferð séu nú áætlaðar um 57 milljarðar, en einungis um ca. 17 milljarðar (tæpl. 1/3) skilar sér til framkvæmda við umferð, vegi og það sem þeim tilheyrir. Fjármunir eru því til, með sinn afmarkaða tekjustofn, en þeir eru notaðir í annað og það er kolröng og ámælisverð stjórnsýsla. Á meðan Fjarðarheiðargöng/Seyðisfjörður bíða enn um sinn er staða byggðarlaga sem áður voru endastöðvar og í svipaðri stöðu þannig: Siglufjörður minn ágæti fæðingarbær komin með tvenn jarðgöng, Ólafsfjörður með tvenn jarðgöng, Ísafjörður með tvenn/prenn jarðgöng, Norðfjörður með ein jarðgöng og önnur fastlega á leiðinni. Þessar framkvæmdir allar hafa nú þegar sannað sinn tilverurétt. Því finnst mér nú tími til kominn og á það verði látið reyna að Seyðisfirðingar og Fjarðarheiðin kalli nú á ákveðinn *stuðning nágranna sinna (sakna hans), Vestfirðinga (Heiðursmannasamkomulagið frá 1986) og allra annarra Íslendinga sem vilja að sem blómlegust byggð haldist á landsbyggðinni* m.a. í vinalægum bæ á Austurlandi, Seyðisfirði, sem á í vök að verjast um þessar mundir, en hefur hljóðlega staðið vaktina fyrir þjóðina í áratugi m.a. í nánú samstarfi við vini okkar í Færeyjum og Skandinavíu.

Fyrir Austurland og Ísland.

Kær kveðja,

Þorvaldur Jóhannsson fyrrv. bæjarstjóri, nú eldri borgari Seyðisfirði.

Heimildir:

1. Skýrsla nefndar um Jarðgangaaætlun Reykjavíkur 1987.
2. Þingsályktun um vegaaætlun 1991 – 1994. Samþykkt 18. mars 1991.
3. Tillaga til þingsáætlunar um langtímaáætlun í vegagerð 113. löggjafarþing 1990 – 1991.
4. Jarðgöng á Austurlandi. Bygðastofnun 1993.

FUNDIR OG MANNFAGNAÐIR

A.A. fundir Austurlandi
Fáskrúðsfjörður: Ráðhúskjallari
föstud. kl. 20:30.
Stöðvarfjörður: Þjónustusími: 848
0301 og 892 7635.
Egilsstaðir: Furuvellir 10
Þriðjud. kl. 20:00 (spor), föstud.
kl. 20:00,
laugard. kl. 22:00, sunnud. kl. 20:00.
Þjónustusími 898 3910.
Eskifjörður: Kirkjumiðstöðin
laugardaga kl. 20:30.
Neskaupstaður: Mýrinni, Mýrargötu 8
Þriðjud. kl. 20:30,
Safnaðarheimilið föstudaga kl. 20:30.
Reyðarfjörður: Þriðjud. kl. 20:00
í safnaðarheimilinu.

FRÍMERKI
-MYNT-SEÐLAR

KAUPI FRÍMERKI OG AFKLIPTT
FRÍMERKI.
ÍSLENSKA PENINGASEÐLA OG MYNT.
ORÐUR, MINNISPENINGA OG
MARGT FLEIRA.
AÐALFRÍMERKJASALAN
SÍMI 897 5444 - 587 8276
1944@MI.IS • ICELANDIC STAMPS.IS

Sumarstarfsmann
Héraðsskóga vantar herbergi
á Egilsstöðum eða nágrenni.
Góðri umgengni og skilvísun greiðslum
heitið. Vinsamlega hafið samband við
Sævar í síma 897 7033 eða starfsfólk
Héraðsskóga í síma 471 2184.

Viltu auglýsa í
Austurglugganum?

Auglýsingasíminn er
891 6484



Ert þú með fréttaskot eða
viltu koma viðburði á framfæri?
Hringdu í fréttasíma
Austurgluggans 867-2151

FLUTNINGAR



Eimskip Austurland – Afgreiðslur:
Reyðarfjörður, Eskifjörður,
Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður,
Breiðdalsvík: 525 7973
Egilsstaðir: 525 7970
Neskaupstaður: 525 7974
Djúpvogur: 525 7966
Hornafjörður: 525 7978
Eimskip Mjóeyrarhöfn: 525 7960

MARKAÐUR



Miðás 7 • sími 471 3002
Opíð virka daga 10 - 18 - Laugard. 13 - 15

BÍLA- OG VÉLAVERKSTÆÐI



Bíla- og vélaverkstæði
Rafverktakar- Rafeindaþjónusta
Rafvélaþjónusta • 8:00 til 18:00

GLERAUGU/ÚR/SKART



Gleraugnaþjónusta, gullsmíði & úrsmíði
Miðvangur 2-4 - Egilsstaðir - s. 471 2020
Búðareyri 15 - Reyðarfjörður - s. 474 1234
Gsm 692-9990



HÁR & SNYRTING



Opíð virka daga 9:00 - 17:00



Dynskógar 4, Egilsstöðum
sími 471 1331
Opnum alla virka daga kl. 9

VEITINGAHÚS

Brekkan Stöðvarfirði
Verslun, veitingar og gjafavara
Mánudaga - föstudaga kl. 09:30 - 22:00,
laugard., kl. 10:00 - 22:00, sunnud. kl.
11:00 - 20:00, sími 475 8939.



Gisti- og veitingahús
Búðargötu 4 Reyðarfirði • Sími 470 5555
Í PIZZUM ERUM VIÐ BETRI



www.egilsstadir.com • sími 471 1114
Hótelíð við Fljótið
Eldhúsið opið alla daga 12 til 21



Góður veitingastaður
með fjölbreyttum matseðli
Veisluþjónusta: Barnaafmæli,
pizzur og fl. Veislu fyrir stærri hópa.
Bolti í beinni á 100" breiðtjaldi og 50"
sjónvarpi. Kaffihúsið.is/ Facebook.com
Sími: 476-1150 • GSM: 894-6606




Mán-Fös: 07.30 – 17.30
Laugardaga: 09.00 – 16.00
-FYRIRTÆKJAPJÓNUSTA-
Sími: 475-8000

BÓKHALD




Bókhalds- og skattaþjónusta.
s. 471 1171 • www.skrifa.is

ÞVOTTAHÚS



Opíð 7 - 12 og 13 - 17 • 474-1274

BIFREIÐAÞJÓNUSTA



Bílaverkstæði Austurlands
Bílaverkstæði/bílasala
Opíð mán.-fim. Kl. 8 - 18 - Fös kl. 8 - 17
Sími 470 5070



Réttingar og sprautun
Framrúðuskipti
Bílaleiga.
Opíð virka daga kl. 8 - 18



Smiðjuseil 5 • Fellabæ
700 Egilsstaðir • s: 471 1696



Opíð mánud.-föstud. kl. 8 - 12 og 13 - 18
Lyngás 5 • 700 Egilsstaðir • sími 471 3113



Bifreiðaverkstæði
Mán. - fim. 8 - 18 • Fös. 8 - 16.
Sími 477 2600

TRYGGINGAR/ÖRYGGI



440 2400
Sjóvá - Miðvangi 1 - 700 Egilsstöðum
Opíð 8:30 - 16:30 alla virka daga.

INNANSTOKKS



innréttingar
Miðási 9 • Egilsstaðir • Sími: 470-1600



Velkomin til Akureyrar
Akurinn
Gistiheimili
Brekkgötu 27a - Akureyri - Sími 461 2500
akurinn@akurinn.is - www.akurinn.is

Lífeyrissjóður Neskaupstaðar

Ársfundur 2012



Ársfundur Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar verður haldinn
mánudaginn 16. apríl kl. 15.00, í Egilsbúð, Neskaupstað.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Breyting á samþykktum
3. Önnur mál löglega upp borin
4. Kynning á mögulegri sameiningu lífeyrissjóða með bakábyrgð sveitarfélaga

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélag
eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir
hvattir til að mæta.

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

Fjarðabyggð, 1. apríl 2012, Stjórn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar

Hin líklegasta skýring

Það var mikil samgöngubót þegar Oddsskarðsgöng voru vígð árið 1977. Skarðið hafði verið mikill farartálmi og oftar en ekki þurfti að fara með snjóbil ef komast átti úr vetrar-einangruninni á Norðfirði. En síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Öryggiskröfur, þörf fyrir greiðar samgöngur innan Fjarðabyggðar og nútíma samgöngur gera það að verkum að löngu er orðið tímabært að byggja ný göng.

Stjórnmalamenn sem ráða ríkissjóði virðast flestir vera sammála um að ekki verði lengur búið við þann farartálma sem Oddsskarðsgöng eru. En hvernig stendur á því að ekki er drifið í þessari framkvæmd sem nær allir virðast sammála um? Á því eru eflaust margar skýringar. Sumir bera við peningaskorti. Aðrir því að e.t.v. sé viturlegra að ráðast í aðrar brýnni framkvæmdir. Enn aðrir tilgreina aðrar ástæður.



Ég held hins vegar að hin raunverulega ástæða sé einföld. Núverandi samgönguráðherra þolir ekki að farið verði í slíka framkvæmd í kjördæmi Steingríms J. Sigfússonar. Hann telur að það muni efla Steingrím og það getur hann ekki hugsað sér. Því miður held ég því að lítið muni gerast fyrr en núverandi ríkisstjórn hverfur frá völdum. Góðu fréttirnar eru þær að það verður í síðasta lagi á sama tíma að ári!

*Tryggvi Þór Herbertsson
Höfundur er þingmaður og prófessor í hagfræði.*



Pungir Þankar

Depurð

Sigurjón Bjarnason skrifar:

Það er ekki alltaf hægt að vera í góðu skapi. Oft er bara ekki ástæða til þess, allt er á móti manni og ekkert lukkast af því sem maður ætlar sér. Og jafnvel þó allt gangi upp er eins og ánægjan láti á sér standa. Eitthvað truflar. Undirliggjandi ugður kemur í veg fyrir gleðina.

Sumir líta út fyrir að vera alltaf léttir í lund. Þeir sýnast alltaf hressir og eru það í viðmóti. Það þarf ekki alltaf að þýða vellíðan. Sumum tekst afar vel að leyna hugsunum sínum, breiða yfir depurðina með gleðibragði.

Við heyrum fréttir af sjálfsvígum fólks, sem alltaf hefur sýnst vera með hýrri há. Það vekur umhugsun. Er mögulegt að það hafi aukið vanlíðan sína með þeirri brynju sem sýndi heiminum allt annan mann en þann sem innra bjó? Er ekki svolítið mikilvægt að vera hreinskilinn um innri líðan? Auðvitað viljum við veita birtu og yl út í samfélagið. Gallinn er bara sá að samfélagið hefur ekkert að gera við falska birtu og gervihljú. Að treysta náunganum fyrir vandamálum sínum er ekki öllum ljúft. Sumir telja sig heldur ekki eiga neinn trúnaðarvin. Slíkum er hætta búin. Innibyrgt angur eittrar sálina. Þunglyndi herjar og líkamlegir kvillar fylgja á eftir.

Þetta er ekki bara vandi einstaklingsins, þetta liggur í gerð samfélagsins. Lækning fæst ekki með lyfjameðferð, ekki heldur líkamsrækt eða sálfræðiráðgjöf. Við verðum einfaldlega að þroska okkur sem félagsverur. Helst án vímuefna.

Viða um heim finnast samfélög þar sem sjálfsvíg eru nánast óþekkt. Mig uggrir að þar hafi menn meira fyrir lífinu en almennt gerist í okkar ofdekraða vestræna heimi. Er lífsgæðakappphlaupið að drepa okkur? Það mætti stundum halda það. Þá er ráðið að hægja á sér. Reyna að lifa af litlu, teygja sig ekki alltaf eftir meiru. Hugsu vel um sína nánustu, ekki með því að láta þá njóta sem mestra efnislegra gæða, heldur með því að treysta sambandið, hugga þá í harmi, styrkja þá í erfiðleikum, gleðjast með glöðum.

Þannig getum við sameiginlega fjarlægst þá miklu ógn sem okkur öllum stafar af stressstengdum sjúkdómum svo sem þunglyndi, geðhvarfasýki, ofsóknarbrjálæði og öðrum ónefndum kvillum sem þjaka samfélagið og birtast í ógnvekjandi fréttum af innbrotum, líkamsárásum, nauðgunum og morðum. Já, eins og kellingin sagði: „Allir eiga bara að vera góðir við alla“.



Ert þú áskrifandi?

Komdu í hóp ánægðra áskrifenda.

Hringið í síma 477 1571
eða sendið póst á auglysing@austurglugginn.is

Fjármálastjóri Fjarðabyggðar

Sveitarfélagið Fjarðabyggð leitar eftir fjármálastjóra

Starfssvið:

Fjármálastjóri er sviðstjóri fjármálasviðs og heyrir undir bæjarstjóra.

Starfið felur í sér yfirumsjón með fjármálum, fjárreiðum, innkaupamálum, ársreikningsgerð og fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins og stofnana þess. Starfið felur einnig í sér frumkvæðishlutverk í stefnumörkun, þekkingaröflun, þróunarstarfi og greiningu upplýsinga í fjármálum og rekstri sveitarfélagsins.

Fjármálasvið annast m.a. innheimtu skatta og gjalda, greiðslu reikninga, bókhald og uppgjör sveitarfélagsins og stofnana þess. Fjármálasvið kappkostar að veita viðskiptavinum sínum, deildum og stofnunum, bæjarfulltrúum og íbúum, ávallt eins góða þjónustu og kostur er.

Í Fjarðabyggð hefur verið og er mikil uppbygging bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru rúmlega 4.600 í sex byggðakjörnum.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun á háskólastigi í fjármálum og rekstri.
- Reynsla af rekstri og fjármálastjórnun.
- Þekking á stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Þekking á lögum og reglum um fjármál.
- Reynsla og þekking á stjórnun.
- Reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga er æskileg.
- Þekking á helstu upplýsingakerfum er æskileg.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.



Fjarðabyggð hvetur konur jafnt sem karla að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri í síma 470 9091 eða í gegnum tölvupóst: pall.b.gudmundsson@fjardabyggd.is. Launakjör eru samkvæmt launakerfi sviðsstjóra hjá sveitarfélaginu. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til bæjarstjóra Fjarðabyggðar, Hafnargötu 2, 730 Fjarðabyggð.

Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl nk.



FJARÐABYGGÐ | Þú ert á góðum stað

fjardabyggd.is

Mjóifjörður

Neskaupstaður

Eskeifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður



Stefanía S. Kristinsdóttir

Hugleiðing

Að fá eitthvað á heilann!

Ég er ein af þeim manneskjum sem fær hluti á heilann. Hugsa reiðinnar ósköp um eitthvað sem mér finnst á þeim tímapunkti mikilvægara en flest annað. Viðfangsefnin eru breytileg og viðvera þeirra í hugarfylgsnum er mislöng. Get verið með marga hluti á heilanum í einu en það sem þeir eiga sameiginlegt er fullvissa mín um að eitthvað þurfi að breytast eða gerast til þess að hægt sé að ná ákveðnu markmiði. Kannist þið ekki við þetta?

Að fá hluti á heilann getur verið heilsuspillandi, haldið fyrir manni vöku og orðið til þess að viðfangsefnin yfirtaka mann í stað þess að maður hafi stjórn á þeim. Hef verið að reyna að finna leið til að breyta þessu án þess að ég vilji alveg eyða þessum eiginleika mínum. Maður þarf til dæmis að ákveða að enginn sé ómissandi, að viðfangsefni geti þróast í rétta átt án íhlutunar, maður þarf að þjálfa með sér æðruleysi gagnvart lífinu og átta sig á takmörkunum sínum (mæli með æðruleysisbæninni í þessu sambandi) og síðast en ekki síst þá þarf maður að geta slökkt á heilanum og leyft sér að njóta núsins (helgi á Borgarfirðiseystri gæti t.d. reddað því). Oft ef manni tekst að slökkva og slíta sig frá hlutunum þó ekki sé nema í augnablik eða í nokkra daga þá öðlast maður nýja sýn. Allt er þetta fjandanum erfiðara.

En það að fá hluti á heilann er ekki alvont, því fylgir orka sem getur orðið til þess að maður ræðst í allskonar verkefni sem líta ekki vel út í Excel-skjali, hjarta og hugur stíga saman dans og oftar en ekki er útkoman eitthvað sem maður er sáttur við. Það sem er ennþá skemmtilegra en að fá hluti á heilann er þegar margir eru með sama viðfangsefni á heilanum, þar sem heill hópur hjarta og huga stígur saman dans, þá getur útkoman ekki orðið annað en góð, eða hvað?

Páskaeggjamót UÍA og Fjarðasports

Fjöldi keppenda kom saman til keppni í Páskaeggjamóti UÍA og Fjarðasports í frjálsum íþróttum í íþróttahúsinu í Neskaupstað um sl. mánaðamót. Fjöldi keppenda sóttu mótið og svo virðist sem mikil gróska sé í frjálsum íþróttum á Austurlandi. Mótið var ætlað keppendum 11 ára og eldri og var þátttaka góð en 39 keppendur frá Þrótti, Þristi, Hetti, Val og Leikni mættu til leiks. Keppt var í kúluvarpi, langstökki án atrennu, hástökki, þristökki án atrennu og 100 m hlaupi í flokkum 11 ára, 12 - 13 ára, 14 - 15 ára og 16 ára og eldri. Keppendur söfnuðu stigum með árangri í hverri grein fyrir sig og mátti sjá einbeittina skína úr hverju andliti, enda til mikils að vinna. Því í lok móts var heildar stigafjöldi hvers og eins lagður saman og sá hlutskarpasti í hverjum flokki verðlaunaður með stóru páskaeggi. Rafmögnum spennna lá í loftinu þegar úrslit voru tilkynnt enda víða mjótt á mununum.

Hér má sjá efstu keppendur í hverjum flokki:

11 ára strákar
 Hafsteinn Máni Hallgrímsson Þristi 30 stig
11 ára stelpur
 Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir Hetti 30 stig
 Eva María Thorarensen Hetti 25 stig
12 - 13 ára strákar
 Kári Tómasson Þrótti 25 stig
 Birkir Freyr Andrason Þrótti 19,5 stig
 Daði Þór Jóhannsson Leikni 18 stig
12 - 13 ára stelpur
 Efstar og jafnar Eyrún Gunnlaugsdóttir Hetti og Heiða Elísabet Gunnarsdóttir Þrótti báðar með 25 stig og jafn marga sigra.
 Jóhanna Malen Skúladóttir Þristi 20 stig
14 - 15 ára strákar
 Jónas Bragi Hallgrímsson Þristi 22 stig
 Mikael Máni Freysson Þristi 22 stig (en færri sigrar)
 Sigurður Karl Benediktsson Blöndal Þristi 21 stig
14 - 15 ára stelpur
 Hrefna Ösp Heimisdóttir Hetti 30 stig



*Sigurvegararnir með páskaegginn gómsætu.
 Mynd og texti/Hildur Bergsdóttir, UÍA.*

Eydís Hildur Jóhannsdóttir Þristi 25 stig
16 ára og eldri strákar
 Örvar Þór Guðnason Hetti 30 stig
 Ragnar Ingi Axelsson Þrótti 23 stig
 Einar Bessi Þórólfsson Þristi 21 stig
16 ára og eldri stelpur
 Auðbjörg Hulda Þórarinsdóttir Hetti 27 stig
 Erla Gunnlaugsdóttir Hetti 23 stig

Allir keppendur fengu lítið páskaegg að launum fyrir þátttökuna auk þess sem þrír heppnir keppendur hlutu útdráttarverðlaun frá Fjarðasporti og UÍA. Að móti loknu var keppendum boðið í sund og voru farnar ófáar ferðir í rennibrautinni Dóra rauða í síðdegissólinni.

Keppendum í 6. og 7. bekk gafst kostur á að fá árangur sinn á mótinu skráðan inn í Skólaþríþraut FRÍ sem stendur nú yfir. Í þríþrautinni er att kappi í kúluvarpi, hástökki og 100 m hlaupi. Sigurvegarar á hverju landssvæði verða boðaðir í lokakeppni sem verður í Reykjavík 5. maí næstkomandi, þar verður keppt til úrslita og vegleg verðlaun í boði. Spennandi verður að sjá hvort einhverjir af keppendum Páskaeggjamótsins verða þar á meðal.

Sjálfbær þróun 2012

Ársfundur Sjálfbærniverkefnis Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi

verður haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum
 föstudaginn 27. apríl frá kl. 13:00 – 16:30.

Allir áhugasamir um verkefnið og sjálfbæra þróun eru hvattir til að mæta.

Skráning á www.sjalbbaerni.is

Nánari dagskrá og upplýsingar um skráningu er hægt að nálgast á heimasíðu verkefnisins:

www.sjalbbaerni.is